

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 29. október 2024

Mál nr. S-70/2024:

Héraðssaksóknari

(Karl Ingi Vilbergsson settur varahéraðssaksóknari)

(Ólöf Heiða Guðmundsdóttir réttargæslumaður)

gegn

X

(Gísli M. Auðbergsson lögmaður)

Dómur

I.

1. Mál þetta, sem dómtekið var 2. október 2024, er höfðað með ákæru héraðs-saksóknara, útgefinni 12. ágúst sl., á hendur X, kennitala [...], [...]

„fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 16. desember 2023, í herbergi nr. [...] á [...], haft önnur kynferðismök en samræði við A, kt. [...], án hennar samþykkis, beitt hana ólögmati nauðung og notfært sér ölvunarástand hennar, með því að stinga fingri inn í leggöng hennar og sleikt kynfæri hennar, en A gat ekki spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Í umrætt sinn hafði ákærði sáðlát í rúminu þar sem A svaf.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakar-kostnaðar.“

Endanleg einkaréttarkrafa skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur, er svohljóðandi:

„Af hálfu A, kennitala [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 4.000.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 16. desember 2023 til 28. september 2024, en frá þeim degi er gerð krafa um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga,

til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

2. Ákærði neitar sök. Skipaður verjandi, Gísli M. Auðbergsson lögmaður, krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins, að skaðabótakröfu ætlaðs brotþola, A, verði vísað frá dómi og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun hans.

Til vara krefst verjandinn þess að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa, að skaðabótakrafa verði lækkuð umtalsvert að mati réttarins og að sakarkostnaði verði skipt að mati réttarins milli ákærða og ríkissjóðs, þ.m.t. málsvarnarlaunum skipaðs verjandans.

II.

Málavextir:

1. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu og því sem fram kom við meðferð málsins fyrir dómi eru málavextir þeir helstir að föstudagskvöldið 15. desember 2023 var haldið jólahlaðborð þriggja félaga og stofnana á [...]. Á meðal þessara félaga var [...]. Þáverandi starfsmaður félagsins, vitnið B, bauð vinkonu sinni, ætluðum brotþola, A, sem var búsett á höfuðborgarsvæðinu, með sér í hlaðborðið og tóku þær á leigu hótélherbergi nr. [...] á nefndu hóteli. Fleiri gestir jólahlaðborðsins gistu einnig á hótelinu umrædda nótt.

Nefndar vinkonur, B og brotþoli, komu á hótelið um nónbil umræddan föstudag og tóku þá við leiguherberginu, en óku síðan um [...] km leið til [...]. Þær komu á ný á hótelið síðdegis, hófu þá undirbúning í hótélherberginu fyrir kvöldskemmtunina og neyttu m.a. sterks áfengis, blandað í gosdrykk, en einnig tóku þær einhver svokölluð skot. Þá fóru þær í fordrykk jólahlaðborðsins á barsvæði hótelsins, ásamt starfsmönnum [...], en lögðu síðan leið sína aftur inn í hótélherbergið.

2. Samkvæmt gögnum, þ. á m. ljósmyndum lögreglu, eru aðstæður á [...] m.a. með þeim hætti að gengið er frá bifreiðastæði inn í forstofu þess, en þaðan inn í anddyrið á grunnhæðinni, þar sem er gestamóttaka. Þar inn af er bar og allstór barsalur, en í anddyrinu er einnig hurð, sem er að hótélgangi, en þar eru m.a. herbergi nr. 101, [...] og

[...]. Í anddyrisrýminu er stigi og er farið um hann niður á jarðhæðina, en þar er stór matsalur og snyrtingar.

Hótelherbergi nr. [...] er samkvæmt gögnum þannig að þegar farið er inn um herbergisdyrnar er gengið inn lítinn gang, og er á vinstri hönd baðherbergi, en gegnt því er fataskápur. Þar fyrir innan er herbergisrýmið og er næst baðherberginu tvíbreitt rúm, en þar á móti og við hliðina á fataskápnnum er aflangt borð, en þar til hliðar er lítið borð og stóll, Auk loftljóss eru lampar í herberginu.

Samkvæmt ljósmyndum lögreglu voru hvít rúmföt í hinu tvíbreiða rúmi hótelherbergisins, þ.e. tvær hvítar sængur, hvít lök og koddar.

3. Vitnið B og brotapolinn A virðast hafa verið fremur seinar fyrir í jólahlaðborðið, sem hófst um kl. 19:30, en það var haldið í fyrrgreindum matsal á jarðhæð hótelsins. Munu þær hafa komið í salinn laust fyrir kl. 20:00, en voru þá báðar nokkuð undir áhrifum áfengis.

Þegar þetta gerðist voru fyrir í matsalnum vinnufélagar vitnisins B, þ. á m. C og félagi hennar, D og maki, E og maki, F og maki, G, H, I og J.

Þegar skammt var liðið á jólahlaðborðið var brotapolinn A nær sofnuð í fyrrenefndum stiga og varð þá að ráði að vitnið B fylgdi henni til hótelherbergis þeirra, nr. [...], og kom henni þar fyrir í tvíbreiðu herbergisrúminu, þar sem hún sofnaði í öllum fötum sínum. Í kjölfar þessa mun vitnið B hafa lagt leið sína á ný í jólahlaðborðið, en fór þó einnig öðru hverju í hótelherbergið til að gæta að brotþola. Auk þessa var vitnið B í samskiptum við vinnufélagann og vitnið G, sem leiddi til þess að vitnið lagði leið sína til B í hótelherbergið nr. [...] þar sem þau dvöldu saman um hríð. Þá mun vitnið G hafa dvalið um tíma eitt í herberginu, þ.e. þegar vitnið B brá sér frá. Verður ráðið að við þessar aðstæður hafi vitnin D og E farið að grennslast fyrir um vinnufélagann, vitnið G, sem hafði verið með þeim en horfið frá jólahlaðborðinu. Eftir stutta leit hittu nefnd vitni vitnið G fyrir í herbergi nr. [...], ásamt vitninu B. Lögðu vitnin að vitninu G að fara úr herberginu, og verður ráðið að af því hafi orðið nokkru síðar, eða þegar vitnið fékk heimakstur, um kl. 23:00 umrætt kvöld.

4. Samkvæmt gögnum lauk hinu eiginlega jólaborðhaldi laust eftir kl. 22:00. Eftir það munu margir hlaðborðsgestir hafa lagt leið sína á efri hæð hótelsins, í barsalinn, þar sem leikin var lifandi tónlist til um kl. 01:00 aðfaranótt laugardagsins 16. desember 2023.

Aðrir veislugestir munu fljótlega hafa farið inn á hótélherbergi sín, og enn aðrir til síns heima.

Vitnið L hótélstjóri stjórnaði umræddu jólaborðshaldi, en var einnig að störfum í gestamóttöku í anddyrinu og á bar hótelsins.

5. Vitnið B var í slagtogi með vinnufélögum sínum umrætt kvöld og nótt, en á meðal þeirra var vitnið C, sem er pólsk að uppruna, en vitnið hafði leigt hótélherbergi, nr. [...]. Að auki var vitnið B í símasamskiptum við kunningja sína, sem einnig voru starfsmenn [...], en höfðu ekki tekið þátt í jólahlaðborðinu, og voru á heimili sínu í bæjarkjarnanum [...]. Var þar um að ræða sambýlisfólkið K, sem er pólsk en með spænskan ríkisborgararétt, og ákærða, sem er spænskur að uppruna. Leiddu þessi samskipti til þess að sambýlisfólkið ákvað að hitta vitnið B á [...] þá um kvöldið og ók vitnið K bifreið þeirra upp á [...]. Verður ráðið að þau hafi komið á hótelið um kl. 23:00–23:30 og tók vitnið B á móti þeim, en fylgdi þeim síðan í hótélherbergið nr. [...]. Með í þessari herbergisför var vitnið C, en einnig annar nafngreindur vinnufélagi, sem hafði komið á svipuðum tíma að hótelinu og sambýlisfólkið. Verður ráðið af gögnum að einnig hafi litið við í herberginu áður nefnt vitni, D.

Gögn málsins benda til þess að á næstu tveimur klukkustundum hafi flestir ofangreindir aðilar farið á milli nefnds hótélherbergis nr. [...] og barsvæðis hótelsins, ásamt því sem þeir hafi litið við í öðrum hótélherbergjum, en þá helst í herbergi vitnisins C, nr. [...].

Óumdeilt er að þegar sambýlisfólkið K og ákærði yfirgáfu hótélbygginguna í [...], á milli kl. 01:30 og 02:00, hafði þegar verið búið að kalla eftir aðstoð lögreglu, en að fyrstu tveir lögreglumennirnir voru þá ekki komnir á vettvang.

III.

1. Samkvæmt staðfestri frumskýrslu héraðslögreglumanns nr. [...], T, barst lögreglu tilkynning kl. 01:37 aðfaranótt 16. desember 2023 frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um að 21 árs kona hefði orðið fyrir kynferðisofbeldi á [...] og að hún hefðist við í herbergi [...]. Í tilkynningunni kom jafnframt fram að ætlaður gerandi hefði þegar yfirgefið herbergið konunnar, en að óljóst væri hvort hann hefði farið af hótelsvæðinu.

Í skýrslunni segir að þegar héraðslögreglumaðurinn hafi komið á vettvang, kl.

02:08, ásamt starfsfélagi nr. 0522, hefðu þeir strax í anddyri hótelsins hitt fyrir vitnið L hóteltjóra, sem hefði fylgt þeim inn hótलगang og að herbergi [...], sem hefði verið læst. Segir í skýrslunni að þegar herbergishurðinni hefði verið lokið upp hefði komið ljós að í herberginu voru fjórir einstaklingar, þ.e. brotápoli og vitnið B sem hefðu verið saman inni á baðherberginu, en í herbergisrýminu hefðu verið vitnið C og nafngreindur karlmaður, sem reyndist vera unnusti vitnisins B. Greint er frá því að í herberginu hefðu verið ummerki um neyslu áfengis.

2. Í frumskýrslunni segir að lögreglumennirnir hefðu strax farið að leita grunnupplýsinga um málavexti hjá fyrrnefndum vitnum í herbergi [...], en einnig utan þess, ásamt því að kalla eftir liðsauka rannsóknarlögreglumanns nr. 8826.

Í skýrslunni segir að tekin hafi verið óformleg skýrsla af brotáþola á vettvangi og að þá hefði m.a. komið fram það sem hér að framan hefur að nokkru verið rakið, þ. á m. að hún hefði vegna eigin ölvunar farið snemma kvölds til herbergis nr. [...], til þess að sofa, en hefði vaknað við það að ókunnugur aðili hefði verið með fingur inni í leggöngum hennar og að kyssa á henni lærin. Þegar þetta hefði gerst hefði kjóll hennar verið nærri mittinu, en að auki hefðu stuttbuxur, sem hún íklæddist, verið dregnar til hliðar, og þannig frá sköpum hennar. Hún hefði við þessar aðstæður lokað augunum vegna hræðslu, en þar um hefði hún vísað til fyrri reynslu vegna kynferðislegs ofbeldis. Hún hefði þó aðeins opnað augun og þá séð karlmann með svart stutt hár sem hefði verið greitt aftur. Skráð er í skýrslunni eftir brotáþola að hún hefði veitt því eftirtekt að umræddur karlmaður hefði staðið upp úr rúminu, en í framhaldi af því farið út úr herberginu, en þá tekið herbergislyklana með sér og læst hurðinni. Skömmu síðar hefði hún orðið vör við að á ný hefði verið komið inn í herbergið, og hefði hún ætlað að um sama karlmann væri að ræða, en þá jafnframt heyrt að hann hefði verið með „tvo vini sína“ með sér. Hún hefði við þessar aðstæður haft augu sín lokuð og grafið sig undir sængina og því eigi séð þessa einstaklinga, en heyrt raddir þeirra, svo og heyrt þegar þeir yfirgáfu hótelherbergið, en þá án þess að snerta hana. Haft er eftir brotáþola að mjög fljótlega eftir þetta hefði hún farið inn á baðherbergið og læst að sér, en í framhaldi af því haft samband við vin og farið að ráðum hans. Hún hefði því haft samband við Neyðarlínuna, en síðan beðið eftir aðstoð.

3. Í frumskýrslu lögreglu segir m.a. að nefndir lögreglumenn hefðu rætt óformlega í herbergi nr. [...] við hin fyrrnefndu vitni, L hóteltjóra og B. Því til viðbótar hefðu þeir verið í óformlegum samræðum við vitnið D og tekið stroksýni af höndum þess í rannsóknarskyni.

Í frumskýrslunni segir loks frá því að nefndir lögreglumenn hefðu rætt við sambýliskonu ákærða, vitnið K. Verður ráðið að þetta hefðu þeir gert símleiðis umrædda nótt, enda hefði vitnið þá verið farið frá hótelinu, ásamt ákærða.

4. Í frumskýrslunni er m.a. haft eftir L hóteltjóra að starfsmaður Neyðarlínunnar hefði haft samband í afgreiðslu hótelsins og farið fram á að það færi í snatri að herbergi nr. [...], dveldi þar og hefði hemil á aðstæðum þar til lögreglan kæmi á vettvang frá Egilsstöðum. Haft er eftir vitninu að það hefði hlýtt þessum fyrirmælum, en þegar það hefði komið á vettvang hefði herbergislykillinn staðið í skráargati hurðarinnar, en um hefði verið um að ræða hinn sama lykil og vitnið B og brotþoli hefðu fengið við komu þeirra á hótelið. Haft er eftir vitninu að þegar það hefði komið inn í hótelherbergið hefði karlmaður og kona verið þar fyrir, en að auki hefði brotþoli verið þar, en þá inni á læstu baðherberginu.

5. Í frumskýrslunni er haft eftir vitninu B það sem áður var skráð hér að framan, þ. á m. um komu og dvöl þess á hótelinu, ásamt brotþola, um stutta dvöl þeirra í jólahlaðborðinu eða þar til það fylgdi brotþola á ný í herbergið nr. [...] þar sem það hefði komið henni fyrir í herbergisrúminu, ásamt því að breiða yfir hana sæng. Eftir það hefði brotþoli fljótlega sofnað. Haft er eftir vitninu að þegar það hefði farið út úr herberginu hefði það læst hurðinni og haft lykilinn í sínum vörslum, eftir það haldið áfram skemmtan sinni með öðrum jólahlaðborðsgestum, og þá allt þar til brotþoli hefði hringt til þess í miklu uppnámi og greint frá málsatvikum. Á þeirri stundu hefði vitnið gert sér grein fyrir að það hefði ekki verið með herbergislykilinn, en verið með bollaleggingar um að það hefði eftir atvikum gleymt honum á einhverju borði í gleðskapnum eða í skráargati hurðarinnar, að herbergi [...]. Um þetta atriði er haft eftir vitninu að vegna eigin ölvunar hefðu minnisglöp að nokkru hrjád það.

6. Í frumskýrslunni segir að í viðræðum lögreglumanna við fyrrnefnt vitni, D, hefði verið greinilegt að það hefði verið „sýnilega nokkuð ölvað“ og hefði ítarleg frásögn

vitnisins af atvikum máls umrætt kvöld verið heldur ruglingsleg. Segir í skýrslunni að helst hefði komið fram að vitnið hefði þá um kvöldið að líkindum farið í þrígang inn í herbergi nr. [...], en við aðkomu þess í fjórða skiptið hefði það orðið þess vart að eitthvað hafði gerst. Vegna þess hefði það boðið fram aðstoð vegna sérþjálfunar sinnar, en verið meinaður aðgangur að herberginu af fyrrnefndum hóteltjóra. Er í skýrslunni haft eftir vitninu að í kjölfar þessa hefði það farið á barinn þar sem erlend kona með sérstakt útlit hefði veist að því með þeirri ásökun að það hefði gert eitthvað á hlut þeirrar manneskju sem sofað hafði í herbergi nr. [...]. Nánar er skráð eftir vitninu að erindi þess í herbergi nr. [...] í tvö fyrstu skiptin hefði varðað viðveru vinnufélagans og vitnisins G, en í þriðja og síðasta skiptið hefði það í minningunni setið í stól í herberginu. Haft er eftir vitninu að í öll þessi skipti hefði það veitt því eftirtekt að sofandi manneskja svaf þar í herbergisrúminu, en að það hefði ekkert skipt sér af henni.

7. Í frumskýrslu lögreglu er skráð að í fyrrnefndu símaviðtali við vitnið K hefði það tjáð lögreglu að það hefði undir lok veru sinnar á hótelinu lagt leið sína, ásamt sambýlismanni, ákærða, inn í herbergi nr. [...] í þeim tilgangi að sækja eigin muni sem þau hefðu skilið þar eftir. Við þessar aðstæður hefðu þau komið að ljóshærðum hávöxnum karlmanni um þrítugt, íklæddum dökkum jakkafötum og hvítri skyrtu. Haft er eftir vitninu að á þessari stundu hefði brotapolí verið sofandi í rúminu og því hefðu þau rekið karlmanninn út úr herberginu. Þau hefðu þekkt karlmanninn í sjón enda hefðu þau séð til hans fyrr um kvöldið í þessu sama hótélherbergi þar sem hann hefði dansað og fækkað fötum. Hefði hegðun hans verið frekar óviðeigandi.

8. Í frumskýrslu lögreglunnar segir frá því að sjúkrabifreið hefði komið á vettvang kl. 02:12 umrædda nótt og hefði brotapóla í framhaldi af því verið ekið frá hótelinu, kl. 03:00, og þá áleiðis til sjúkrahússins í Neskaupstað. Fyrir liggur að þegar þetta gerðist hafði lögreglan krafist réttarlæknisfræðilegrar skoðunar á brotapolu.

IV.

1. Í málinu liggja fyrir réttarlæknisfræðileg gögn frá sérhæfðu starfsfólki neyðarmóttöku sjúkrahússins í Neskaupstað, hjúkrunarfræðingi og lækni. Gögn þessi eru dagsett 18. desember 2023, en þau varðar ætlaðan brotapolu þessa máls.

Í sérfræðigögnunum segir m.a. frá því að brotaþoli hafi komið á sjúkrahúsið aðfaranótt 16. desember 2023, kl. 04:05, og að við komu hafi hún verið mjög óttaslegin og grátið, en að auki kastað upp, í þrígang. Skráð er að skoðun á brotaþola hafi hafist fimm mínútum eftir komu, en að samhliða hefði verið skráð frásögn hennar. Tekið er fram að frásögn brotaþola hafi verið skýr um það sem hún mundi um ætluð atvik máls.

Haft er eftir brotaþola að brotið hefði verið gegn henni fyrr um nóttina, á tíma-bilinu frá kl. 00:00 til 01:00, í hótélherbergi af ókunnugum erlendum aðila, en þar sem hún hefði þá verið sljó myndi hún lítið, og ekkert um eiginlegt ofbeldi eða hótanir. Nánar segir um frásögn brotaþola samkvæmt handrituðum texta hjúkrunarfræðings:

„Var á hótélherbergi. Var sofandi inni í herbergi og vaknaði upp við að maður er inni í henni á hótélherberginu, með fingur. Var sofandi, drakk of mikið, vaknar við, opnar augun, þóttist vera sofandi, þá stóð maðurinn upp og læsir hurðinni og færir hún sængina yfir sig, þá fór maðurinn út og kom aftur með tvo vini, hann talaði við þá á pólsku og hún vafði sér inn í sængina og þeir fóru og þá fór hún inn á klósett og læsti hurðinni. Hringir í besta vininn sem segir henni að hringja í lögregluna. Og vinur hennar lætur vinkonu hennar vita, sem var með henni á hótelinu. Var í læstu hótélherbergi og hann tók lyklana frá vinkonu hennar og fór í herbergið, án hennar vitundar (vinkonunnar).

Hún var ein í herberginu í klukkutíma. Kjóllinn hennar var upp að mitti, man eftir þegar hætti á jólahlaðborðinu og man ekkert eftir það, drakk áfengi en fannst hún muna lítið eftir kvöldinu, sem er óvenjulegt að sögn hennar. Man frá kl. 20:00, en lítið eftir það þar til hún vaknaði. Finnur fyrir sviða í leggöngum. Hún hefur sjálf ekki haft samfarir síðustu 48 tímana, engin óþægindi frá endaparmi.“

Í handrituðum texta nefndra gagna er í kafla skýrslunnar sem ber heitið *Niður-stöður læknis* frásögn brotaþola, sem læknir og hjúkrunarfræðingur rita báðir undir, en þar segir:

„A a er hrædd, óttaslegin og skelfur og óglatt. Hún var að drekka í kvöld að sögn og fór upp á herbergi til að sofa þar sem henni leið ekki vel. Leggst inn á sjúkrahúsið til að jafna sig. Kastar upp x3.

Ekki áverkar á kynfærum né endaparmi. Ekki þvinguð til að neyta áfengis. Þekkti ekki gerandann, lyfjapróf í þvagi neikvætt, sem tekið er hér. Þurrir blettir voru við kynfæri og pollur, hvítur, í leggöngum, sem var síðar staðfest á pinna 5 og gleri 5 að væri sæðispollur sem staðfestir grun um nauðgun.

Pungunarpróf neikvætt í þvagi. Blóðsýni tekið til að kanna HIV, lifrabólgu B+C. Klámedíastrok. Niðurstaða e. 1–2 vikur.“

2. Ákomum á líkama brotaþola er lýst á teikningum og í texta sérfræðigagnanna. Þá er í gögnum einnig lýst kreppu- og tilfinningalega bágu ástandi brotaþola, en því til viðbótar er sagt að rauður blettur hefði verið á leghálsinum. Einnig er staðhæft að sæðisfrumur hefðu sést í smásjá. Loks er skráð að engar skemmdir hefðu verið sýnilegar á fatnaði brotaþola, en tekið fram að nærbuxur hennar hefðu verið teknar til varðveislu.

3. Samkvæmt rannsóknargögnum voru við hina réttarlæknisfræðilegu skoðun tekin endurtekin blóðsýni, en einnig þvagsýni úr brotaþola.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands, sem dagsett er 23. janúar 2024, mældist í þvagsýninu orfenadrín, en einnig 0,92‰ etanól. Þá mældist í blóðsýni brotaþola 0,82‰ etanól, og í öðru blóðsýni mældist 0,67‰ etanól.

Í matsgerðinni segir um framangreindar niðurstöður:

„Niðurstöður alkóhólmælinga í blóði benda til þess að hlutaðeigandi hafi verið undir áhrifum áfengis þegar sýnið var tekið.

Ólögleg ávana- og fíkniefni voru ekki í mælanlegu magni í þvagi. Leit sýndi að GHB ásamt róandi lyfjum og svefnlyfjum voru ekki í mælanlegu magni í blóði og þvagi.

Við lyfjaleit í þvagi kom fram orfenadrín. Orfenadrín er vöðvaslakandi lyf og hefur slævandi áhrif á miðtaugakerfið. Orfenadrín var ekki í mælanlegu magni í blóði en greining þess í þvagi bendir til töku orfenadríns einhverju fyrir sýnatöku.“

V.

1. Í skýrslu S, rannsóknarlögreglumanns nr. [...], dags. 21. maí 2024, segir frá rannsókn á ætluðum brotavettvangi í hótélherbergi nr. [...], eftir að farið hafði verið með brotaþola í sjúkrabifreið frá hótelinu umrædda nótt.

Í skýrslunni er rannsóknaraðgerðum að nokkru lýst og segir þar m.a. að gerð hefði verið sérhæfð leit að líkamsvökvum og að í kjölfar þess hefðu komið fram nokkrir sýnilegir blettir á því laki, sem hefði verið í hinu tvíbreiða rúmi. Staðhæft er að þessir blettir hefðu bent til þess að um væri að ræða sæði.

Á ljósmyndum af nefndu laki er m.a. dreginn hringur og segir í myndtexta að innan hans hafi hinir ætluðu blettir verið. Verður ráðið að þeir hafi verið á vinstri

helmingi rúmsins, þ.e. nær baðherberginu, á allstóru svæði nærri miðju laksins og á neðri hluta þess. Lakið var haldlagt og sent til rannsóknar hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH).

Greint er frá því að engar öryggismyndavélar hótelsins hafi reynst nothæfar við rannsókn málsins.

2. Í skýrslu rannsóknarlögreglumannsins segir m.a. að við frumrannsókn málsins hefði verið fenginn gestalisti frá hótelinu, en einnig álfka listar frá þeim fyrirtækjum sem höfðu verið með jólahlaðborðið umrætt kvöld. Fram kemur að í kjölfar þess hefðu nokkrir gestanna verið kallaðir til yfirheyrslu, sem vitni, en samhliða hefðu verið tekin svonefnd FTA-munnholssýni til DNA-rannsóknar, og þá til samanburðar á þeim sýnum sem tekin höfðu verið á vettvangi, í hótélherbergi nr. [...], og af brotþola við hina réttarlæknisfræðilegu skoðun á sjúkrahúsinu í Neskaupstað.

3. Í skýrslu rannsóknarlögreglumannsins segir almennt um yfirheyrslur vitna:

„Samkvæmt framburðum skýrslugjafa virtist mikil ölvun hafa verið í gangi þetta kvöld og þessa nótt og fólk að rápa á milli herbergja, í ýmsum erindagjörðum eins og að sækja sér vín, fatnað, hlusta á tónlist, dansa, fara á salerni og fl. Þá kom einnig í ljós að ... einhverjir aðilar höfðu farið inn í herbergi [...] og allir borið því við að (brotþoli) hafi verið sofandi í rúmi herbergisins allan tímann.“

Í skýrslunni er vikið að því að fram hefðu komið „sögusagnir“ um að vitnið D hefði á einhverjum tímapunkti umrædda nótt verið einsamall í herbergi brotþola, nr. [...]. Segir frá því að við yfirheyrslu vitnisins hjá lögreglu þann 20. desember 2023 hefði það staðfest viðveruna, og því hefði verið tekið af því stroksýni til DNA-rannsóknar.

4. Við lögreglurannsóknina voru teknar ljósmyndir á hótelinu, þ. á m. í herbergi nr. [...], en þær eru m.a. áritaðar með myndtextum til skýringa. Myndir þessar eru á meðal gagna málsins.

VI.

1. Við rannsókn lögreglu var tekin framburðarskýrsla af brotþola, þann 17. desember 2023. Þá var tekin skýrsla af vitninu B, þann 20. desember sama ár, en jafnframt var

þá tekið sýni úr munnholi vitnisins. Síðarnefnda daginn var einnig tekin skýrsla af nefndu vitni, D.

Við áframhaldandi rannsókn lögreglu voru teknar skýrslur af fleiri vitnum fyrri hluta ársins 2024. Þar á meðal voru teknar skýrslur af E, þann 4. janúar, af J og H, þann 8. janúar, af K, þann 11. janúar, af F, þann 12. janúar, af ákærða og L hóteltjóra, þann 14. febrúar, og loks af G þann 19. febrúar 2024.

2. Vitnaskýrslur lögreglu voru teknar upp í hljóði og mynd, en til aðstoðar við skýrslutökur voru túlkar, en einnig var rætt við vitni á ensku og þá án túlka.

VII.

1. Við yfirheyrslu brotþola hjá lögreglu, 17. desember 2023, var frásögn hennar í aðalatriðum í samræmi við það sem hér að framan hefur verið rakið, sbr. kafla II, liði 1 og 3, kafla III, lið 2, og kafla IV, lið 1, og þá um upphaf dvalar hennar á hótelinu, en einnig um ölvun snemma kvölds og um aðstoð vitnisins B við að koma henni fyrir í rúmi í hótélherbergi þeirra, nr. [...].

Brotþoli skýrði frá því að hún hefði vaknað um kl. 01:00 aðfaranótt laugardagsins 16. desember, þar sem hún hefði legið á bakinu í rúminu, en fundið fyrir því að einhver hefði verið með fingur inni í leggöngum hennar. Hún hefði við þessar aðstæður opnað augu sín í eitt augnablik og þá séð glitta í efri hluta andlits karlmanns, sem hefði verið með svart hár. Við þessar aðstæður hefði hún „frosið“, lokað augunum og þóst sofa.

Brotþoli skýrði frá því að karlmaðurinn hefði fært fætur hennar til og frá, en að auki sleikt píku hennar, en hún sem fyrr legið frosin á meðan á athæfinu stóð.

Brotþoli greindi frá því að karlmaðurinn hefði hætti athæfinu og yfirgefið hótélherbergið í stutta stund, en komið síðan aftur inn í herbergið ásamt tveimur öðrum karlmönnum. Hún hefði ekki opnað augun, en heyrt að menn þessir töluðu pólsku sín í milli, og áréttaði að hún hefði heyrt þrjár raddir. Hún sagði að einn þessara karlmanna hefði sest á rúmstokkinn og reynt að taka sængina ofan af henni, en hún haldið fast á móti. Eftir þetta hefðu allir þessir karlmenn yfirgefið herbergið, en hún þá gripið eigin síma, hlaupið inn á baðherbergið og læst að sér. Í kjölfarið hefði hún hringt í besta vin sinn, vitnið N, og greint honum frá atburðarásinni, en í framhaldi af því beðið komu lögreglu.

2. Við lögregluýfirheyrslu vitnisins B, sem fór fram 20. desember 2023, kom m.a. fram að vitnið hefði verið fætt strákur, en hefði hafið leiðréttingarferli og eftir það skilgreint sig sem kvenkyns.

Frásögn vitnisins B varðandi upphaf dvalarinnar á hótelinu var með líkum hætti og rakið var í kafla II, liðum 1, 3, og 5, og kafla III, lið 5, hér að framan, og þá m.a. um komu á hótelið, áfengisneyslu, um skammvinna dvöl þeirra vinkvonnanna við upphaf jólahlaðborðs og loks þegar vitnið hefði lagt brotþola til hvílu í herbergi þeirra snemma kvöldsins.

Af skýrslu vitnisins hjá lögreglu verður ráðið að nokkrir einstaklingar hefðu haft viðkomu í hótélherberginu nr. [...] umrætt kvöld og eftir að brotþoli hafði lagst þar til hvílu. Á meðal þessara gesta hefði verið vinnufélaginn og vitnið G, og enn fremur hefðu komið þangað, en þá eftir að jólahlaðborðinu lauk, sambúðarfólkið K og ákærði, og um svipað leyti ljósskolhærður, hávaxinn og grannur karlmaður, sem hefði viðhaft ókurteist háttalag og því hefði honum verið vísað út.

Vitnið skýrði frá því að það hefði verið ölvað umrætt kvöld, og sagði að af þeim sökum hefði tímaskyn þess brenglast. Var það ætlan vitnisins að það hefði lagt leið sína í herbergi nr. [...] í tvígang eftir að brotþoli hafði lagst til hvílu og sofnað.

3. Vitnið G skýrði frá því í yfirheyrsluskýrslu lögreglu, dags. 19. febrúar 2024, að það hefði hafst við í herbergi nr. [...] eftir að vitnið B hafði boðið því að vera þar með sér. Vitnið sagði að tilgangur þess með dvölinni hefði verið að „passa upp á“ brotþola. Vitnið bar að það hefði haldið kyrru fyrir í herberginu þrátt fyrir tilraunir vinnufélaga, vitnanna E og D, um að fá það út úr herberginu, og var það ætlan þess að það hefði dvalið þar í um eina klukkustund. Vitnið sagði að það hefði loks farið út úr herberginu þegar því hefði verið vísað þaðan út af tveimur erlendum karlmönnum, eftir atvikum rúmenskrar ættar, sem báðir hefðu verið dökkhærðir, með skegg og klæddir í svartar buxur og hvítar skyrtur. Vitnið sagði að þegar þessi síðast greindi atburður hefði gerst hefðu karlmenn þessir verið í fylgd nafngreindrar konu, sem hefði starfað með því hjá [...].

4. Skýrsla vitnisins E hjá lögreglu, dags. 4. janúar 2024, var í aðalatriðum í samræmi við frásögn hins síðast greinda vitnis, G, og þ.á m. að það hefði haft viðkomu í herbergi

[...]. Vitnið staðhæfði að á þeirri stundu hefði einnig verið í herberginu vitnið B. Fram kom hjá vitninu að það hefði farið út af hótelinu um kl. 22:30.

5. Vitnið D skýrði frá því í vitnaskýrslu hjá lögreglu, dags. 20. desember 2023, að það hefði verið mjög ölvað umrætt föstudagskvöld, en staðfesti að nokkru það sem haft hafði verið eftir því í frumskýrslu lögreglunnar, sbr. kafla III, lið 6, hér að framan. Vitnið staðfesti þannig að það hefði farið í hótélherbergi nr. [...] þegar það hefði verið að leita að vinnufélaganum og vitninu G fyrir lok jólaborðhaldsins. Vitnið bar að þegar það hefði fundið vinnufélagann í herberginu hefði verið þar fyrir ljóshærð trans-stúlka, þ.e. vitnið B. Vitnið sagðist minnst þess að vinnufélaginn hefði er þetta gerðist setið í stól og að á þeirri stundu hefði einhver manneskja sofið í herbergisrúminu. Vitnið greindi frá því að það hefði í annað sinn farið inn í herbergið þessara sömu erindagjörða, enda verið með áhyggjur af því að vinnufélaginn hefði í hyggju að halda fram hjá konunni sinni. Þegar til hefði komið hefði staðan þó verið hin sama og áður og það því ekki blandað sér frekar í málið.

Vitnið skýrði frá því að í þriðja skiptið sem það hefði farið inn í herbergi nr. [...] hefði erindi þess verið að ná í bjór, en sagði að í það sinnið hefði verið partýstand 5–7 einstaklinga og hefðu þrír þeirra verið pólskir karlmenn, en einnig vitnið B. Vitnið sagði að þar sem það hefði ekki fengið bjórinn hefði það við svo búíð farið út úr herberginu.

Vitnið minntist þess að hafa séð til ferða lögreglumanna umrædda nótt og kannaðist við að þeir hefðu rætt við það. Nánar aðspurt kannaðist vitnið ekki við framburði vitna um að það hefði dansað og afklæðst eigin fatnaði í hótélherbergi nr. [...] umrætt kvöld.

6. Við vitnafirneyrslur lögreglu greindu vitnin F, H og J að nokkru frá gjörðum sínum á hótelinu umrætt kvöld, en þau staðhæfðu öll að þau hefðu ekki lagt leið sína í hótélherbergið nr. [...].

7. Vitnið C skýrði frá því í símaskýrslutöku hjá lögreglu, dags. 19. desember 2023, sem það hafði frumkvæði að, að það hefði verið með á leigu aðfaranótt 16. desember nefnt ár hótélherbergi nr. [...], og þá ásamt félaga. Vitnið skýrði frá því að það hefði verið með nafngreindum starfsfélögum umrætt kvöldi og bar að um miðnættið hefði það, ásamt pólskri samlöndu sinni, vitninu K, fengið vitnið B til þess að hafa fataskipti í

herberginu nr. [...]. Vitnið sagði að tilefni fataskiptanna hefði verið að vitnið B hafði fengið blóðnasir og því hefði verið blóð í fötunum. Vitnið bar að það minntist þess einnig að í annað sinn hefði það verið í herberginu og að þar hefði þá einnig verið íslenskur vinnufélagi þess. Loks kvaðst vitnið hafa haldið til í eigin hótélherbergi ásamt vitninu K og unnusta hennar, ákærða.

8. Vitnið K skýrði frá því í símaskýrslu, dags. 11. janúar 2024, sem tekin var á ensku frá Spáni, að það hefði umrætt kvöld ekki neytt áfengis og því hefði það eftir lýst samskipti við vitnið B ekið bifreið frá [...], og bar að það og sambýlismaðurinn, ákærði, hefðu komið á [...] um kl. 23:00–23:30. Vitnið kvaðst hafa dvalið á hótelinu í u.þ.b. tvær klukkustundir. Vitnið skýrði frá því að þau hefðu á meðan á dvöl þeirra stóð aðallega verið í samvistum við vitnin B og C. Þá kvaðst vitnið hafa farið fjórum sinnum inn í hótélherbergi B, nr. [...], þar sem brotápoli hefði verið fyrir og sofið. Vitnið sagði að í fyrsta skiptið hefðu það og ákærði staldrað stutt við herberginu, enda hefðu þau farið þar inn til þess að geyma eigin farangur, þ. e. fatnað, drykki og tóbak, ásamt því sem það hefði farið með vitninu C til þess að aðstoða vitnið B við fataskipti þar sem blóð hefði verið í fötum. Vitnið sagði að í beinu framhaldi af stuttri dvöl í herberginu hefðu þau öll farið á barsvæði hótelsins. Vitnið sagði að þau hefðu hins vegar fljótlega farið á ný í nefnt herbergi, sem þá hefði verið ólæst, og bar að tilgangur þeirra hefði verið að hlusta á teknó-tónlist og dansa, og minntist þess m.a. að það hefði dansað við vitnið B. Vitnið sagði að á þessari stundu hefði vitnið B verið með herbergislykilinn í sínum vörslum. Vitnið sagði að í þessari ferð þeirra í herbergið hefði verið með þeim ölvaður, hávaxinn og ljóshærður Íslendingur, íklæddur skyrtu, dökkum buxum og grænum sokkum. Vitnið sagði að karlmaður þessi hefði tekið upp á því m.a. að fækka fötum og í raun þannig að hann hefði aðeins verið í nærbuxum og sokkunum. Vitnið sagði að vegna þessarar hegðunar hefði karlmanninum, sem það ætlaði að hefði borið nafnið D eða M, verið skipað að klæða sig, en vitnið sagðist jafnframt hafa haft á orði við hann að hann skyldi láta þau í friði. Vitnið sagði að karlmanninum hefði verið vísað út úr herberginu. Vitnið kvaðst ætla að sami karlmaður hefði einnig litið við í herberginu þegar það fór þangað í fyrsta sinnið, og ætlaði að það hefði verið um kl. 00:30.

Vitnið sagði að í kjölfar hins síðast greinda atburðar hefðu þau öll farið út úr herberginu og hefði það læst herbergishurðinni með lykli, sem það hefði síðan afhent vitninu C. Vitnið sagði að þegar ofangreindir atburðir hefðu gerst hefði brotápoli verið

sofandi í herbergisrúminu í herbergi nr. [...], og sagði að svo hefði alltaf verið þegar það hefði séð til hennar.

Vitnið skýrði frá því að það og nefndur sambýlismaður, ákærði, hefðu farið í eitt skiptið enn inn í herbergi [...], enda hefði þau þá skort tóbak og þá með þeirri ætlan að fara út af hótelinu til þess að reykja. Vitnið sagði að þegar þau hefðu komið að herberginu hefði herbergishurðin verið ólæst og þegar þau hefðu gengið inn hefði þar verið fyrir hinn sami karlmaður, D eða M, sem þau höfðu nokkru áður tekið þátt í að vísa út. Vitnið sagði að nefndur karlmaður hefði verið einsamall og bar að hann hefði svarað spurningu um erindið, að hann hefði verið að leita að vitninu B, en hefði á þessari stundu virkað mjög taugaóstyrkur. Vitnið sagði að karlmaður þessi hefði verið fullklæddur, en það við komu veitt því eftirtekt að hann hefði staðið kyrr á herbergisgólfinu fyrir framan rúmið og starað til brotþola þar sem hún hefði verið sofandi í rúminu. Vitnið sagði að við þessar aðstæður hefðu þau vísað karlmanninum út úr herberginu og bar að það hefði ekki séð til ferða hans frekar umrætt kvöld eða nótt. Vitnið sagði að fljótlega eftir þetta hefði það ásamt sambýlismanninum farið út úr herberginu, en ekki læst enda ekki verið með herbergislykilinn þar sem það hefði áður verið búið að koma honum í vörslur vitnisins C.

Vitnið skýrði frá því að það hefði um tíma eftir lýsta atburðarás, ásamt sambýlismanninum, ákærða, og vitninu J haft nokkra viðdvöl í hótélherbergi vitnisins C, nr. [...]. Eftir það hefðu það og sambýlismaðurinn afráðið að fara heim og því yfirgefið herbergið nr. [...], en þá farið á ný inn í herbergi nr. [...] þeirra erinda að sækja eigur sínar. Vitnið ætlaði að þegar þetta gerðist hefði um hálf klukkustund verið liðin frá því að þau vísuðu hinum íslenska karlmanni út úr herbergi nr. [...].

Vitnið sagði að þegar þau hefðu komið inn í herbergi nr. [...] hefði það veitt því eftirtekt að brotþoli var eigi í rúminu og orðið vart við að hún hefði fært sig inn á baðherbergið. Vegna þessa hefði það kallað til brotþola og innt hana um líðan, en auki kynnt sig með nafni og gert grein fyrir erindinu. Vitnið sagði að við þessar aðstæður hefði starfsmaður hótelsins komið á vettvang og upplýst að þá þegar hefði verið búið að kalla eftir aðstoð sjúkrabifreiðar og lögreglu. Vitnið sagði að í kjölfar þessa hefðu það og ákærði farið út og hitt fyrir að nýju vitnið C í hótélherberginu nr. [...], til þess að kasta á það kveðju, jafnframt því sem þau hefðu upplýst vitnið um það sem þau hefðu orðið vitni að í herbergi nr. [...].

Af hljóðupptöku lögreglu verður ráðið að viðstaddur símaskýrslugjöf nefnds vitnis hefði a.m.k. að einhverju leyti verið ákærði í máli þessu. Hann hafi þannig hlýtt á frásögn vitnisins, en að auki m.a. rifjað upp tilteknar tímasetningar og vörslur á herbergislykli herbergis nr. [...]. Við lok skýrslugjafarinnar heyrir í upptöku að vitninu og ákærða var kynnt að lögreglan ætlaði síðar og við heimkomu þeirra til landsins að ræða við þau frekar. Liggur fyrir að það var gert hinn 2. maí 2024.

9. Ákærði, X, var yfirheyrður sem vitni í skýrslutöku hjá lögreglu 14. febrúar 2024. Ákærði skýrði frá símasamskiptum við vitnið B og um tildrög þess að hann fór ásamt sambýliskonunni, K, frá heimili þeirra á [...], með svipuðum hætti og hér að framan hefur að nokkru verið rakið. Ákærði sagði að þau hefðu verið komin á hótelið í [...] umrætt föstudagskvöld um kl. 23:30 og þá strax hitt fyrir B sem hefði verið ölvuð eða undir áhrifum fíkniefna. Ákærði sagði að þau hefðu verið farin af hótelinu fyrir kl. 02:00 þá um nóttina og nefndi í því sambandi kl. 01:30.

Ákærði greindi frá því að á meðan hann hafðist við á hótelinu hefði hann þrívægis farið inn í hótélherbergi nr. [...]. Hann sagði að í fyrsta skiptið hefði þar gerst nær strax eftir að þau komu á hótelið og bar að þá hefði verið með í för sambýliskonan, vitnið C og vitnið B, sem þá hefði verið með blóðnasir. Ákærði sagði að við þetta tækifæri hefði einnig komið inn í herbergið hávaxinn íslenskur karlmaður. Ákærði sagði að hann hefði séð þennan karlmann káfa á og reyna að kyssa B, en því til viðbótar hefði hann fylgst með því þegar þessi aðili hefði klætt sig úr eigin fötum og verið á nærbuxunum einum fata.

Ákærði greindi frá því að hann hefði fyrst tekið eftir hinum sofandi einstaklingi í nefndu herbergi þegar hann hefði lagt leið sína þangað í annað skiptið, og þá ásamt sambýliskonunni, en í millitíðinni hefðu þau verið á barsvæði hótelsins. Ákærði sagði að í þetta skiptið hefði herbergishurðin verið ólæst, en er þau hefðu komið þar inn hefðu þau séð á ný hinn hávaxna íslenska karlmann, sem hefði verið íklæddur hvítri skyrtu og dökkum buxum, en jakkalaus. Ákærði kvaðst hafa veitt því eftirtekt að nefndur karlmaður hefði staðið á gólfinu fyrir framan rúmið og horft á hinn sofandi einstakling. Hann hefði virst óáttaður og mjög ölvuður og verið með spurningar um veru vitnisins B. Ákærði sagði að eftir stuttar samræður hefði karlmaður þessi farið út úr herberginu, en þau þá einnig fljótlega farið út.

Ákærði greindi frá því að hann hefði enn lagt leið sína inn í herbergi nr. [...], ásamt sambyliskonunni, eftir að þau höfðu dvalið í um 30–40 mínútur í hótélherbergi vitnisins C. Ákærði sagði að þau hefðu fengið herbergislykilinn að herbergi nr. [...] hjá nefndu vitni C. Var það ætlan hans að þetta hefði gerst um kl. 01:00–01:30. Ákærði sagði að þegar þetta gerðist hefðu hann og sambyliskonan í raun verið á leið út af hótelinu, til síns heima. Ákærði sagði að í þetta skiptið hefði brotþoli verið á bak við luktur dyr á baðherbergi herbergis nr. [...]. Ákærði sagði að þau hefðu bankað án árangurs á baðherbergishurðina, en bar að um svipað leyti hefði starfsmaður hótelsins komið inn í herbergið og spurst fyrir um hvað þau væru að gera þarna inni, en jafnframt upplýst að þá þegar hefði verið búíð að hringja eftir aðstoð lögreglu, en í framhaldi af því vísað þeim, honum og sambyliskonunni, út úr herberginu. Ákærði sagði að þau hefðu tekið það dót sem þau áttu í herberginu, en síðan farið út, og ætlaði að þá hefði klukkan hefði verið um 01:30.

Við yfirheyrslu lögreglu svaraði ákærði aðspurður um eigin klæðaburð að hann hefði umrætt kvöld verið íklæddur svörtum hlýraból, hvítri þrjónapeysu og buxum, en að auki verið í svörtum jakka. Ákærði sagði að hann hefði farið úr jakkanum strax við komuna á hótelið, en síðan einnig farið úr peysunni og því hefði hann aðeins verið í svarta hlýrabólnum. Ákærði sagði að þar sem frekar kalt hefði verið á hótelinu hefði hann á ný farið í peysuna, en eftir atvikum farið úr henni á ný, og þá sem fyrr aðeins verið í hlýrabólnum. Nánar aðspurður við yfirheyrsluna treysti ákærði sér ekki til að segja til um hvenær hann hafði nákvæmlega þessi fataskipti.

10. Vitnið L hótélstjóri skýrði í símaskýrslutöku hjá lögreglu, 14. febrúar 2024, frá atvikum máls með líkum hætti og það hafði gert, og m.a. um tilefni og för í hótélherbergið nr. [...] á [...]. Vitnið áréttaði að þegar það hefði komið inn í herbergi nr. [...], eftir símhringingu Neyðarlínunnar, rétt fyrir kl. 02:00 umrædda nótt, hefðu þar verið fyrir fyrrgreindir tveir erlendu einstaklingar, þ.e. karl og kona. Vitnið sagði að það hefði haft vitneskju um að þar þetta, pólskt að það ætlaði, hefði hvorki verið gestir hótelsins né á jólahlaðborðinu þá um kvöldið, enda hefði það aðeins séð til þeirra á barsvæðinu ásamt öðrum gestum eftir að borðhaldinu lauk og bar að þau hefðu verið þau einu sem svo var ástatt um, þ.e. „komu svona eftir á“.

Vitnið sagði að umrætt þar hefði þegar það kom inn í herbergi [...] bent því á að brotþoli hefði læst að sér inni á baðherberginu og það þá strax farið að huga að henni.

Vitnið kvaðst hafa veitt því eftirtekt þegar brotapolí opnað baðherbergishurðina að hún var þá í samræðum í síma, og því ætlað að hún hefði verið að ræða við starfsmann Neyðarlínunnar. Vitnið sagði að brotapolí hefði verið grátandi, en haft á orði að vilji hennar stæði til þess að hinu erlenda par yrði vísað út úr herberginu, sem það hefði og gert, en þá eftir að það hafði rætt um stund við brotapolá inni á baðherberginu.

Vitnið greindi nánar frá því að þegar það hefði komið inn í herbergi [...] hefði nefndur karlmaður, ákærði, verið kominn úr skyrtnni og því hefði hann aðeins verið „bara í sínum hlýraból þarna, svörtum“ en að auki hefði konan ekki verið í jakka. Vegna þessa kvaðst vitnið hafa fengið á tilfinninguna að parið hefði verið búið að vera í herberginu í einhvern tíma „í einhverja smástund“ að spjalla og drekka, þegar það kom á vettvang. Vísaði vitnið til þess að það hefði veitt því eftirtekt að þegar karlmaðurinn kom inn á hótelið fyrr um kvöldið hefði hann verið íklæddur hvítu skyrtnu og jakka, en vitnið minntist þess einnig að hann hefði í eitt skipti komið einn á barinn og keypt sér drykki, en ætlaði að yfirleitt hefði hann verið í fylgd umræddrar konu. Vitnið sagði að svo hefði virst, þarna í herberginu, sem par þetta væri eitthvað skömmustulegt eða þannig að það hefði vitað upp á sig skömmina og þá sökum þess að það hefði ekki átt að vera þar. Vitnið sagði að parið hefði einnig „verið að reyna að segja og þau héldu því fram að þau vissu hver þetta hefði verið“, þ.e. hver hefði brotið gegn brotapolá. Vitnið bar að þegar það hefði farið fram á að parið færi út úr herberginu hefði það jafnframt beðið það um að fara fram á barinn og vera þar þangað til lögreglan kæmi á vettvang „af því að ég vildi ekki fá þau til þess að hlaup út, sko“.

Vitnið sagði að það hefði komist að því síðar að hið erlenda par hefði verið í vinfengi við vitnið C, sem hefði verið með herbergi á leigu á hótelinu, nr. [...].

Vitnið skýrði frá því að eftir að hið erlenda par hafði farið úr herbergi nr. [...] hefði vitnið verið hjá brotapolá á baðherberginu og hlýtt á frásögn hennar um ætluð atvik máls. Vitnið sagði að brotapolí hefði greint frá því að hún hefði verið sofandi í rúminu í herberginu „og svo hefði hún séð mann standandi yfir sér, hún sagði þetta einhvern veginn þannig, og svo segir hún: „Ég held að mér hafi verið nauðgað.“ ... Hún segir ekkert voðalega mikið meira, nema jú að hún nefnir þessa hvítu skyrtnu.“ Nánar aðspurt sagði vitnið að brotapolí hefði ekki sagt að maðurinn í hvítu skyrtnni hefði gert henni eitthvað og sagði: „Í rauninni ekki ... nei. En hún er samt alltaf eitthvað svona rosalega viss í sinni sök með það að þetta hafi verið hann, einhvern veginn, en hún segir ekkert meira hvað gerðist eða hvernig það fór fram.“ Nánar aðspurt kannaðist vitnið ekki við að

það hefði minnst á það við neinn aðila síðar „að hafa lýst þessum manni eitthvað meira heldur en það að hann hafi verið í svörtum hlýraból, ekki að hann sé dökkhærður eða grannur ... það er bara þessi maður sem að lítur svona út, sem að er inni í herberginu og sem að ég sá sjálf.“

Vitnið skýrði frá því að það hefði farið úr herberginu nr. [...] og fram í anddyri hótelsins þegar það hefði séð út um hótélherbergisgluggann lögreglubifreið aka að hótelinu.

12. Í skýrslu rannsakara segir að staða rannsóknar málsins eftir ofangreindar vitna- yfirheyrslur hefði verið harla óljós um ætlaðan brotaman og þá um „annað en það sem fram hafi komið hjá (brotapola) um að þetta hafi verið dökkhærður, stuttklíptur, karlmaður í hvítri skyrtu, um þrítugt“.

Í skýrslunni er greint frá því að þegar lögreglan kom á vettvang greint sinn hefðu margir af þeim gestum sem verið höfðu í jólahlaðborðinu verið farnir af hótelinu, en að auki hefðu sumir gestanna verið komnir inn á eigin hótélherbergi.

VIII.

1. Í skýrslum, greinargerðum og ljósmyndum R, sérfræðings hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu (LRH), dags. 8. og 14. febrúar og 12. apríl 2024, er lýst rannsókn og meðferð á hinum haldlögðu munum og DNA- sýnum, sem send höfðu verið frá sjúkrahúsinu í Neskaupstað og frá fyrnefndum rannsóknarlögreglumanni nr. 8826.

2. Á meðal þessara gagna voru innsigluð gögn sem tekin höfðu verið af brotapolu. Um var að ræða dúk, innsiglaða lífsýnapoka með pinnum nr. 1–5, glerplötur og pinna merktir nr. 1–5, en einnig nærföt, hársýni og andanefju.

Í skýrslu sérfræðingsins, dags. 8. febrúar 2024, segir m.a. að ofanefndir munir og sýni hafi verið skoðuð í smásjá og með sérhæfðum prófum. Um hafi m.a. verið að ræða sýni frá skapabörnum, við inngang legganga, leghálsi, en einnig hár og segir í niðurstöðukafla:

„Það er niðurstaða rannsóknarinnar að í þeim gögnum, sem afhent voru til rannsóknar, komu ekki fram nein lífsýni sem nothæf geta talist til DNA kennslagreiningar.“

3. Í skýrslu sérfræðingsins, dags. 14. febrúar 2024, segir að tekið hafi verið til rannsóknar lak sem haldlagt hafði verið við vettvangsrannsókn og segir um það nánar: „... var því pakkað í bréfpoka, sem merktur var málsnúmeri ásamt munaskrár- og muna-númeri. ... Opnaður var bréfpoki sem innihélt hvítt lak, 185 sm x 85 sm að stærð. Engar merkingar voru í lakinu sem gáfu til kynna tegund, framleiðanda eða efnislýsingu. Lakið var ljósmyndað áður en rannsókn hófst.

Lakið var snjáð að sjá og voru slitskemmdir (rifur) sjáanlegar á hornum og köntum.

Lakið var skoðað með Lumatec fjölbylgjuljós-gjafa, stilltum á 415 nm og 440 nm bylgjulengdir. Við skoðunina komu í ljós 11 blettir sem gáfu ljóssvörun.

Tveir blettir voru í neðra horni, hægra megin á lakinu (m.v. hvernig lakið var lagt á skoðunarborð).

Átta blettir voru á miðju laki, nær neðri skammhlið, og stakur blettur var vinstra megin, nær efri skammhliðinni.

Sýni voru tekin úr öllum blettunum og þau prófuð með AP sæðisprófi.

Sýni úr átta blettum gáfu jákvæða svörun við prófinu og voru þau sýni þá prófuð áfram með ABA p30 staðfestingarprófi. Öll sýnin gáfu jákvæða svörun við staðfestingar-prófinu og voru þá smásjár-sýni útbúin með útfalli sýnanna og þau síðan lituð með „Christmas Tree stain“ litunaraðferð, þurrkuð og þekjugler fest á. Sýnin voru skoðuð í smásjá og voru sáðfrumur sjáanlegar í þeim öllum. Blettirnir voru þá skornir úr lakinu og færðir í sýnapoka, sem merktir voru 63827-1 til 623827-8. Að lokinni rannsókn var lakið fært aftur í pokann til varðveislu.

Niðurstöður:

Það eru niðurstöður rannsóknarinnar að í lakinu komu fram blettir sem gáfu jákvæðar svaranir við for- og staðfestingarprófum sem sæði. Smásjár-sýni, sem útbúin voru, staðfestu enn fremur að sáðfrumur voru til staðar í blettunum og því talið að þar séu til staðar lífsýni, sem nothæf eru til DNA kennslaggreiningar.“

Í skýrslunni segir að tilgreind sýni, sem hafi verið fyrrgreindar úrklippur úr lakinu, hafi verið merkt nr. 623827-1 til 623827-8 1, og varðveitt.

4. Í skýrslu, dags. 14. febrúar 2024, sem inniheldur þrjár litljósmyndir af hinu hald-lagða laki, en einnig fimm nærmyndir, eru sýndir þeir 11 blettir sem getið er um í lið 3, m.a. með örvum, stærðarmælikvörðum og myndtextum. Áréttað er að flestir nefndra átta

bletta hafi verið á miðju lakinu og þar af hafi einn þeirra verið stór um sig. Að auki hafi tveir blettir verið neðar, hægra megin, sem hafi gefið jákvæða svörun við AP-sæðisprófi og ABA p30 staðfestingarprófi. Þá hafi fyrrnefnd smásjárýni staðfest að sáðfrumur voru til staðar í blettunum.

5. Í skýrslu sérfræðingsins, dags. 14. febrúar 2024, er lýst meðferð þeirra sýna sem tekin höfðu verið við rannsókn lögreglu, þ. á m. af vitnum og munum. Segir frá því að sýni þessi hafi verið send til DNA-rannsóknar hjá Nationellt Forensiskt Centrum (NFC) í Svíþjóð og þá með sérstökum fyrirmælum og beiðnum um rannsóknir.

Segir frá því í skýrslunni að m.a. hafi verið um að ræða sýni sem tekin hefðu verið af höndum eins hinna grunuðu, vitninu D, sem og hin fyrrnefndu sýni sem tekin höfðu verið og varðveitt við rannsókn á laki, haldlögðu á vettvangi. Með sýnunum hafi einnig verið send samanburðarsýni frá brotaþola og níu öðrum einstaklingum, og hafi þau hvert og eitt verið merkt með sérstökum merkingum, sem eru tíunduð nánar. Að auki hafi verið send samanburðarsýni frá ákærða og brotaþola, en einnig af vitnunum G, B, D, I, E, J, H og F.

6. Í greinargerð nefnds sérfræðings, dags. 12. apríl 2024, segir að svarniðurstöður rannsóknastofunnar NFC í Svíþjóð hafi borist nefndan dag. Segir þar í niðurstöðukafla:

„Í máli þessu voru send til rannsóknar 10 sýni. Tvö sýni voru stroksýni, varðveitt af höndum D, merkt 623825 og 623826, og átta sýni voru varðveitt við rannsókn á laki, haldlögðu á vettvangi, merkt 623827-1 til 623827-8. Sýnin voru tekin til rannsóknar og voru stroksýni af höndum rannsökuð áfram m.t.t. þekjufruma. Frumrannsókn á sýnum úr laki staðfesti að sáðfrumur voru til staðar í öllum sýnunum og voru þau sýni rannsökuð áfram m.t.t. sáðfruma. Öll sýni voru greind með DNA greiningaraðferðum.

Niðurstöður þeirra greininga leiddu í ljós að stroksýni, sem varðveitt voru af höndum D, merkt 623825 og 623826, höfðu sama DNA snið, og var það snið eins og DNA snið D sjálfs.

Greiningar á sáðfrumuhluta sýna, sem merkt voru 623827-1 til 623827-8, leiddu í ljós að öll sýnin höfðu sama DNA snið og var það snið eins og DNA snið Ion Im[a]nol Franco Costa.“

Um áreiðanleika rannsóknarinnar er vísað til skýrslu sænsku rannsóknastofunnar.

Varðandi áreiðanleika greiningar á sáðfrumuhluta ofangreindra sýna frá ákærða

segir m.a. í hinni sænsku skýrslu að hann hafi verið að styrkleika 4. Þar um segir: „Resultaten talar ekstremt starkt for att sperman kommer från (ákærða)(Grad +4), om man bortser från möjligheten att det kommer från en nära slekting.“

IX.

1. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu var ákærði handtekinn á heimili sínu að morgni 2. maí 2024, eftir að áðurgreindar rannsóknarniðurstöður bárust lögreglu. Var hann færður á lögreglustöð, en í framhaldi af því yfirheyrður sem sakborningur, að viðstöddum tilnefndum þeim verjanda sem síðar var skipaður til starfans, en einnig túlki.

Nefndan dag voru einnig yfirheyrð hjá lögreglu vitnin B og K, sambýliskona ákærða.

Ákærði var síðar þennan sama dag yfirheyrður að nýju og var honum þá kynnt það sem fram hafði komið hjá nefndum vitnum. Að kröfu lögreglu, að lokinni síðari yfirheyrslunni, var ákærði úrskurðaður í farbann.

2. Ákærða var við upphaf hinnar fyrri yfirheyrslu kynnt sakarefnið og réttarstaða, en í framhaldi af því var hann inntur eftir því hvort hann vildi breyta eða bæta einhverju við þá frásögn sem hann hafði áður gefið hjá lögreglu, hinn 14. febrúar 2024, og svaraði hann því neitandi. Í framhaldi af því var farið yfir helstu atriðin í skýrslunni og staðfesti hann efnisatriðin.

Ákærði var minntur á að tekið hefði verið hjá honum við hina fyrri yfirheyrslu DNA-munnholssýni vegna samanburðarrannsóknar, en í framhaldi af því var hann inntur eftir því hvort hann hefði einhvern tímann verið einn í herberginu hjá brotaþola. Ákærði svaraði því til að hann hefði auk þeirra ferða í herbergið sem hann hafði áður minnst á í eitt skipti farið þar inn ásamt sambýliskonu sinni og vitninu B. Ákærði var þá spurður hvort hann hefði stundað einhverja kynferðislega iðju í nefndu herbergi. Ákærði svaraði því til að í það skiptið sem hann hefði farið í herbergið ásamt vitninu B og sambýliskonunni K hefði hin síðarnefnda farið inn á baðherbergið. Við þessar aðstæður hefðu hann og vitnið B staðið á herbergisgólfinu við enda hins tvíbreiða rúms og hefði hann kysst B og tekið niður um sig buxurnar, en hún þá snert lim hans „í smástund ... 30 sekúndur, mínútu kannski ... runkaði honum“. Ákærði svaraði því ítrekað aðspurður hvort hann hefði fengið sáðlát, en hann svaraði að svo hefði ekki verið, en sagði; „en hvort að það hafi farið einhver dropi“ vissi hann ekki, en hann hefði ekki fengið það,

fullnægingu.

Ákærði neitaði því aðspurður að hann hefði brotið gegn brotþola og bar að hann hefði ekki viðhaft kynferðislegt athæfi gegn henni. Ákærði skýrði frá því að þegar hann hefði komið inn í herbergið í greint sinn hefði hann aðeins sest á rúmið í upphafi verunnar.

Ákærði sagði að hann gæti ekki fullyrt hver það hefði verið sem hefði brotið gegn brotþola umrædda nótt, en bar að hann hefði haft grunsemdir um að það væri sá karlmaður sem hefði verið einsamall hjá henni þegar hann og sambyliskonan hefðu eitt sinn komið inn í herbergið og vísaði hann til þess að þá hefði brotþoli verið „meðvitundarlaus“ líkt og hún hefði ætíð verið þegar hann hefði litið til hennar þar sem hún hefði legið í rúminu. Ákærði sagði að hann hefði aðeins séð andlit brotþola, enda hefði hún legið undir sæng.

Ákærði skýrði frá því að hann hefði ekki í annað sinn stundað kynlíf með vitninu B, og sagði að þegar atburður þessi gerðist hefði honum ekki verið kunnugt að hún væri í raun karlmaður, en væri í kynleiðréttingarferli.

Ákærði skýrði frá því að ástæða þess að hann hefði ekki skýrt frá lýstu athæfi með vitninu B fyrr hefði komið til af því að aðeins hann og vitnið hefðu vitað af því og hann hefði ekki viljað greina sambyliskonunni frá háttsemi þeirra.

Við yfirheyrsluna var ákærða kynnt það sem fram hafði komið í fyrrnefndri DNA-rannsókn og að lífsýni hans hefði samsvarað því sæði sem hefði fundist á vettvangi. Ákærði áréttaði neitun sína og staðhæfði að hann hefði ekki brotið kynferðislega gegn brotþola í hótélherberginu og þá ekki heldur með öðrum hætti átt í kynferðislegum athöfnum með henni, en sagði „... að mögulega hafi einhver dropi komið frá honum þegar ... þetta átti sér stað með B ... það sé líklegt“. Nánar aðspurður hvar sæði hans hefði getað fallið sagðist ákærði ekki vita það, en gæti ætlað að það hefði mögulega gerst þegar hann hefði gyrt upp buxurnar; „... þá gæti það hafa flogið á einhver húsgögn við hliðina á sér eða eitthvað ... eða rúmið“ enda hefði hann snúið líkamanum ská í átt að því. Nánar aðspurður sagði ákærði að hann gæti ekki sagt til um hvort sæði hans hefði farið á brotþola, en bar að eitthvert sæði hefði getað komið á hönd hans. Ákærði sagði að í greint sinn hefði hann a.m.k. ekki fengið „fullt sáðlát ... en það hafi í öllu falli verið einn tveir dropar eða eitthvað svona já smotterí“. Ákærði sagði að hann treysti sér ekki til að segja til um nákvæman tíma á þessum atburði og þá ekki heldur hvort hann hefði þegar atvik gerðust verið íklæddur peysu, en ætlaði helst að hann hefði verið í svarta

hlýrabolnum án þess að hann gæti fullyrt um það. Ákærði staðhæfði á hinn bóginn að hann hefði verið komin í peysuna þegar hann dvaldi í hótélherbergi C, en þar um vísaði hann til ljósmyndar, sem þar hefði verið tekin umrædda nótt, sbr. dskj. nr. 19.

3. Við skýrslugjöf vitnisins K sambyliskonu ákærða, á lögreglustöð, hinn 2. maí 2024, skýrði það frá tilefni þess að þau lögðu leið sína á [...] í greint sinn með svipuðum hætti og við hina fyrri skýrslugjöf, en þá einnig um atvik máls á hótelinu.

Vitnið skýrði frá því að það hefði verið eftir miðnættið þegar það og ákærði hefðu komið að hinum íslenska karlmanni í herbergi [...] og áréttaði að þá hefði herbergishurðin verið ólæst, en bætti því við að hurðin hefði heldur ekki verið nema að stöfum. Vitnið áréttaði að nefndur karlmaður hefði þegar þetta gerðist verið alklaeddur, en það hefði séð að hann hefði horft til brotþola, en á hinn bóginn ekki séð hann snerta rúmið. Vitnið áréttaði hinn fyrri framburð um að eftir að þau höfðu vísað karlmanni þessum á dyr hefðu þau einnig farið út, en þá ekki getað læst herberginu, enda eigi haft herbergislykilinn í sínum vörslum.

Vitnið áréttaði að eftir lýsta atburðarás hefði það haldið til á barsvæði hótelsins, en að auki dvalið um stund í hótélherbergjum, nr. [...] og [...], ásamt því sem það hefði farið út úr hótelinu til þess að reykja, ásamt vitninu C. Þá kvað vitnið þær tvær einnig hafa farið saman á salerni.

Vitnið skýrði nánar frá gjörðum sínum þannig að það minntist þess að það hefði ásamt vitninu C og ákærða farið inn í hótélherbergi [...] þar sem það hefði lagað á sér andlitsfarða, en hin tvö þá beðið á meðan og spjallað. Vitnið sagði að að afloknu þessu verki hefðu þau þrjú farið í hótélherbergi vitnisins C þar sem þau hefðu haldið til í u.þ.b. 20 mínútur. Að þeim tíma liðnum hefðu það og ákærði ákveðið að fara til síns heima og því hefðu þau farið inn í herbergi [...] í þeim tilgangi að ná í þá muni sem þau hefðu skilið þar eftir. Vitnið lýsti atvikum í herberginu með líkum hætti og það hafði áður gert, og þ. á m. að brotþoli hefði við komu þeirra verið farin úr rúminu og inn á baðherbergið og það því bankað til þess að athuga hvort allt væri í lagi með hana. Vitnið áréttaði jafnframt að mjög fljótlega hefði hótélstarfsmaður komið á vettvang, en þau þá farið á ný inn í herbergi [...], til vitnisins C, gert henni grein fyrir atvikum máls og beðið hana að athuga nánar með brotþola. Vitnið sagði að eftir þetta hefðu það enn lagt leið sína í herbergi [...] og þá til þess að greina hótélstarfsmanninum frá hinum fyrrnefnda Íslendingi, sem þau hefðu séð einan í herberginu, enda talið ástæðu til að tilkynna um

hina undarlegu veru hans þar, án þess að það hefði vitað hvað gerst hafði. Vitnið sagði að í framhaldi af þessu hefðu það og ákærði yfirgefið hótelið og farið til síns heima.

Við skýrslutökuna var vitnið innt eftir því hvort komið hefði fyrir meðan á dvöl þess stóð á hótelinu að ákærði hefði verið einn á báti. Vitnið sagði að það hefði ekki gerst í önnur skipti en þau þegar það hefði verið með vitninu C á salerninu.

Aðspurt um klæðaburð ákærða sagði vitnið að hann hefði farið úr hvíttri peysu við komu þeirra á hótelið og eftir það verið í svörtum hlýraból en undir lok dvalar þeirra hefði hann á ný verið kominn í peysuna.

Vitnið var að lokum innt eftir því hvort það hefði orðið þess vart að eitthvað kynferðislegt hefði átt sér stað í herbergi [...] og þá sérstaklega í rúminu þar sem brotþoli svaf. Vitnið sagði að það hefði ekki orðið vitni að slíkri háttsemi og bar að ef slíkt hefði gerst og það orði vitni að því hefði það munað eftir því. Vitnið greindi frá því að í upphafi dvalar þeirra á hótelinu, þ.e. þegar það hefði dvalið í herbergi [...], hefði það séð að brotþoli var sofandi í rúminu og bar að það hefði þá reynt að ræða við hana en án árangurs þar sem hún hefði aðeins opnað augun en síðan sofnað aftur.

Vitnið var innt eftir því hvort það myndi eftir því að það hefði dvalið í herbergi nr. [...], ásamt ákærða og B, þar sem brotþoli hefði verið sofandi. Vitnið svaraði því til að það minntist þessa, og bar að það hefði að líkindum gerst á milli þess tíma þegar Íslendingurinn afklæddist og þegar það sá til hans eins í herberginu. Vitnið sagði að þegar þetta gerðist hefði það farið ásamt B inn á baðherbergið, en bar að þegar B hefði áttað sig á því að það ætlaði að kasta af sér vatni hefði hún farið út af baðherberginu, en án þess að halla aftur hurðinni eða loka henni. Vitnið hefði við þessar aðstæður kastað af sér vatninu, og í raun dvalið mjög stutta stund á baðherberginu, aðeins nokkrar sekúndur. Nánar aðspurt hvort möguleiki hefði verið á því að eitthvað kynferðislegt hefði getað gerst á milli B og ákærða á meðan það hafðist við á baðherberginu svarað vitnið því til að það hefði verið mjög ólíklegt. Í því viðfangi vísaði vitnið til þess að B hefði verið mjög óþroskuð, auk þess sem slík hegðan hefði í hennar huga verið óhugsandi þar sem brotþoli hefði verið fyrir í herberginu, ásamt því sem það hefði verið vinkona vitnisins B.

Vitnið skýrði frá því að þegar það hefði verið við akstur og á heimleið umrædda nótt hefði það í raun fyrst gert sér grein fyrir því að eitthvað alvarlegt hafði komið fyrir brotþola og af þeim sökum hringt til vitnisins C.

4. Við skýrslutöku lögreglu af vitninu B þann 2. maí 2024 sagðist það minnst tilviks þegar það hefði verið í hótélherbergi nr. [...], ásamt vitninu K og ákærða. Vitnið neitaði því aðspurt að við þessar aðstæður hefði það átt í einhverjum kynferðislegum samskiptum við ákærða og staðhæfði að slíkt hefði raunar aldrei gerst, hvorki þá né áður. Að þessu leyti andmæti vitnið alfarið frásögn ákærða, sem því var kynnt.

5. Við síðari yfirheyrslu ákærða þann 2. maí 2024 var honum kynntur framan- greindur framburður sambyliskonunnar K og vitnisins B. Ákærði áréttaði hinn fyrri framburð sinn og þ. á m. að vitnið B hefði tekið um getnaðarlim hans og strokið honum í 30–60 sekúndur. Ákærði áréttaði jafnframt að hann hefði ekki fengið fullnægingu, en sagði að verið gæti að einhverjir sæðisdropar hefðu komið frá honum við þessar aðstæður.

Að því er varðaði frásögn sambyliskonunnar sagði ákærði að hann minntist þess ekki að hún og vitnið B hefðu í greint sinn farið saman inn í baðherbergið, en sagði að ef það hefði gerst hefði vitnið B dvalið þar í mjög skamman tíma.

Ákærði neitaði því aðspurður að hann hefði komið við eða brotið með einhverjum hætti gegn brotþola.

Aðspurður og í ljósi þess að sæði hans hefði fundist á mörgum stöðum í her- bergisrúminu sem hefði samsvarað hans DNA sagði hann að verið gæti að hann hefði eitthvað komið við rúmið og það gæti því verið skýringin.

X.

1. Rannsóknargögn lögreglu voru send héraðssaksóknara til ákvörðunar þann 24. maí 2024. Ákæra máls þessa var eins og áður hefur komið fram gefin út 12. ágúst og var hún ásamt gögnum lögð fram í dómi við þingfestingu málsins þann 3. september sama ár.

Við meðferð málsins fyrir dómi lögðu sækjandi fyrir hönd ákærvaldsins en einnig skipaður fram frekari sýnileg gögn. Á meðal þessara gagna eru ljósmynd af ákærða og grunnteikning af [...], en einnig rafsamskipti. Loks lagði sækjandi fram bréf og vottorð um sálfræðimeðferð brotþola.

2. Í vottorði P sálfræðings, dags. 12. september 2024, er m.a. greint frá því að hjúkrunarfræðingur á bráðamóttöku Landspítala (LSH) hafi vísað brotþola í sálfræðilegt mat og áfallahjálp hjá sálfræðipjónustu neyðarmóttökunnar, þann 19.

desember 2023, en að upphaflegt tilefni hefði verið koma brotaþola á sjúkrahúsið í Neskaupstað fáeinum dögum fyrr vegna ætlaðs kynferðisbrots.

Í vottorðinu segir að strax í upphafi hafi nefndur sálfræðingur veitt brotaþola áfallahjálp, en í framhaldi af því hafi hann verið með hana til meðferðar á tímabilinu frá 22. desember 2022 til 15. ágúst 2023. Segir frá því að í viðtölum við brotaþola hafi afleiðingar ætlaðs kynferðisbrots verið metnar og að fylgst hefði verið með andlegu ástandi hennar, þ.m.t. einkennum áfallastreituröskunar eftir ætlað kynferðisbrot og samslátt við aðrar geðraskanir. Jafnframt hafi verið metin þörf á formlegri meðferð og í kjölfar ítarlegs greiningarmats hafi brotaþola verið boðið að taka þátt í hugrænni atferlismeðferð við einkennum áfallastreituröskunar og öðrum afleiðingum ætlaðs kynferðisbrots. Brotaþoli hafi samþykkt þessa meðferð og sé henni nú lokið.

Í vottorðinu er umfjöllun um mat á sálrænum einkennum og líðan brotaþola. Tekið er fram að auk greiningarviðtals hafi verið stuðst við staðlaða sjálfsmatskvarða, sem notaðir hafi verið til þess að meta einkenni áfallastreituröskunar, depurðar, kvíða og streitu ásamt svefnvanda. Þannig hafi brotaþoli fyllt út þrjá staðlaða sjálfsmatskvarða: PTSD Checklist for DSM-5 (PCL-5: Weathers o.fl., 2013), Depression Anxiety Stress Scales (DASS: Lovibond og Lovibond, 1993) og Insomnia Severity Index (ISI: Morin o.fl., 2011). Tekið er fram að rannsóknir á þessum kvörðum hafa sýnt góðan áreiðanleika og réttmæti á því sviði sem þeim hafi verið ætlað að mæla.

Í samantekt vottorðsins segir um helstu niðurstöður:

„Niðurstöður endurtekens greiningarmats sem og greiningarviðtals sem fór fram 12.03.2024 gáfu til kynna að (brotaþoli) þjáðist á þeim tímapunkti af áfallastreituröskun (e. *Posttraumatic Stress Disorder*) eftir meint kynferðisbrot. Sálræn einkenni hennar í kjölfar meints kynferðisbrots samsvöruðu einkennum sem eru þekkt hjá fólki sem hefur upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir.

(Brotaþoli) hóf formlega hugræna atferlismeðferð við áfallastreituröskun þann 27.03.2024 og átti sér stað yfir meðferðartíma nokkuð stöðug lækkun á áfallastreitu-einkennum og við lok meðferðar hafði (brotaþoli) náð góðum bata. Frá fyrsta viðtali 22.12.2023 fram að seinasta meðferðarviðtali 15.08.2024 höfðu einkenni þunglyndis, kvíða og streitu minnkað og voru í seinasta meðferðarviðtali vísbendingar um að öll þau einkenni væru innan eðlilegra marka. Sömu leiðis var ekki vísbending um svefnvanda við lok meðferðar.

Þó brotaþoli virðist hafa jafnað sig á áfallastreitueinkennum í kjölfar meints kynferðisbrots er mikilvægt að hafa í huga að þolendur þurfa áfram í sínu daglega lífi að takast á við aðstæður sem minna á áfallið og minningar um það sem gerðist. Því er mikilvægt að (brotaþoli) vinni áfram að því að styrkja eigin bjargráð og fái frekari stuðning fagaðila sé það þarft. Ekki er hægt að segja til um með vissu hver áhrif meints kynferðisbrots verða til lengri tíma en ljóst er að atburðurinn hafði víðtæk áhrif á líðan (brotaþola).“

XI.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

1. Ákærði neitaði sök við aðalmeðferð málsins, að hann hefði stungið og sleikt kynfæri brotaþola, líkt og hann hafði áður gert við þingfestingu. Jafnframt hafnaði ákærði einkaréttarkröfu brotaþola.

Fyrir dómi lýsti ákærði samskiptum sambýliskonu hans við vitnið B föstudagskvöldið 15. desember 2023 og tildrögum þess að þau fóru frá heimili þeirra til fundar við vitnið, í boði þess, á [...], og að þar hefði m.a. komið við sögu áhugi vitnisins á fíkniefnum. Er þetta í aðalatriðum í samræmi við skýrslur ákærða við yfirheyrslur lögreglu, þann 14. febrúar og 2. maí 2024, þ. á m. að nefnt vitni hefði borið ummerki um fíkniefnaneyslu, þ.e. blóðnasir, þegar það hefði boðið honum og sambýliskonu hans í hótélherbergi sitt, nr. [...], strax við komu í [...], um kl. 23:30.

Ákærði skýrði frá því að við komu á hótelið hefði hann m.a. verið íklæddur hvíttri peysu en að hann hefði strax farið úr henni í herbergi nr. [...] og skilið hana þar eftir ásamt öðrum munum, þ. á. m. sterku áfengi. Hann sagði að þessi fyrsta viðvera í herberginu hefði varað í u.þ.b. 10–20 mínútur. Ákærði greindri frá því að eftir þetta hefði hann lengst af aðeins verið íklæddur svörtum hlýraból þann tíma sem hann dvaldi á hótelinu, ásamt sambýliskonunni.

Fyrir dómi greindi ákærði frá því að í hinni fyrstu viðveru hans og sambýliskonunnar hefði komið í herbergi [...] aðili sem hefði verið þekktur fyrir að útvega fíkniefni og hefði hann fundað með vitninu B, en fljótlega farið sinn veg. Ákærði sagði að einnig hefði komið í herbergið í greint sinn vitnið C, en að í kjölfar þess hefði vitnið, en einnig sambýliskona hans, farið með vitninu B inn á baðherbergið til þrifa og þá sökum fyrrnefndra blóðnasa. Ákærði skýrði einnig frá því að skömmu eftir þetta hefði komið inn í herbergið vitnið D, sem þá hefði verið mjög ölvaður. Ákærði lýsti framkomu þessa

síðast nefnda vitnis og ágengni gagnvart vitninu B, en þá eftir að dans og tónlistarflutningur hafði verið viðhafður í herberginu, í samræmi við það sem hann hafði greint frá í skýrslum hjá lögreglu.

Ákærði skýrði frá því að í þessari fyrstu viðveru hans í hótélherbergi vitnisins B hefði hann í fyrstu ekki veitt því eftirtekt að þar var fyrir sofandi einstaklingur, og þá ekki fyrr en honum hefði verið bent á það skömmu áður en hann fór út úr herberginu. Við þessar aðstæður hefði hann veitt þessum einstaklingi athygli þar sem hann hefði legið í herbergisrúminu undir sæng, en „ekki þælt í því meira“.

Ákærði áréttaði fyrri frásögn hjá lögreglu, um að hann hefði eftir þetta haldið til á barsvæði hótelsins og m.a. keypt sér drykki, en þó aðallega verið með sambýliskonunni. Ákærði skýrði frá því að þann tíma sem hann dvaldi á hótelinu hefði hann drukkið einn bjór og tvær blöndur af rommi og gosdrykk.

Ákærði skýrði frá því að rétt eftir miðnættið, um kl. 00:10–00:15, hefðu hann og sambýliskonan, ásamt vitninu B, farið á ný saman inn í hótélherbergið nr. [...] í þeim tilgangi að ná í drykkjarföng, og staðhæfði að í þessari annarri ferð hans í herbergið hefði einstaklingurinn í rúminu enn verið sofandi, en hann þá séð hluta af fæti hans og höfði. Ákærði skýrði frá því að sambýliskona hans, K, hefði strax við komu lagt leið sína inn á baðherbergið, en hann og vitnið B hefðu aftur á móti staðið fyrir framan hið tvíbreiða rúm, nærri miðjunni, og hann snúið ásjónu sinni í átt að herbergishurðinni. Því hefði hægri hlið hans snúið að rúminu. Ákærði staðhæfði að þrátt fyrir og vegna þessarar stöðu hefði hann ekki haft möguleika á því sjá inn á baðherbergið, en bar að unnusta hans hefði lokað baðherbergishurðinni. Ákærði sagði að við þessar aðstæður hefði B stokkið til hans „og byrjar að kyssa hann, ..., og setur hendurnar á honum á brjóstin á sér“. Ákærði sagði að þegar B hefði hætt að kyssa hefði hún haft á orði að hann hlyti að vera með stóran lim. Ákærði kvaðst hafa brugðist við þessum orðum með því að spyrja vitnið hvort hún vildi sjá lim hans og í framhaldi af því tekið niður eigin buxur, „bara rétt niður á læri“, og hefði honum þá risið hold. Ákærði sagði að við þessar aðfarir hans hefði B andvarpað, en síðan byrjað að snerta á honum liminn og fróa honum í u.þ.b. 1 til 1½ mínútu. Ákærði sagði að B hefði skyndilega hætt fróuninni og í framhaldi af því farið út úr herberginu. Við þessar aðstæður kvaðst ákærði hafa ályktað að vitnið B hefði hugsanlega heyrt frá baðherberginu þegar unnusta hans hefði „sturtað niður úr klósettinu eða eitthvað svoleiðis“.

Ákærði staðhafði að hið síðast greinda athæfi hans með vitninu B hefði ekki verið ætlan hans, og sagði: „Þetta bara gerðist.“

Ákærði sagði að vegna lýsts athæfis hefði „sloppið smá sæði frá honum“, þ.e. einhverjir dropar, en þó án þess að hann fengi eiginlega fullnægingu. Ákærði sagði að einhverjir þessara dropa hefðu fallið á hönd hans, en einnig örugglega einhverjir á gólfið. Þá sagði ákærði að mögulegt hefði verið að eitthvað af sæði hans hefði farið í buxurnar þegar hann tók þær upp um sig. Ítrekað aðspurður kvaðst ákærði ekki vera viss um hvort einhverjir dropar hefðu fallið á rúmið og ætlaði að svo hefði ekki verið.

Ákærði skýrði frá því að eftir að vitnið B hefði farið út úr herberginu með lýstum hætti hefði hann fært buxurnar upp um sig, en í framhaldi af því sest á enda rúmsins, þ.e. við fótagaflinn. Ákærði sagði að um ½ til 1 mínútu eftir þetta hefði sambýliskona hans, K, komið út af baðherberginu og þá spurst fyrir um vitnið B. Ákærði sagði að þau tvö hefðu ekki dvalið lengi í herberginu eftir þetta, en sagði að áður en þau hefðu farið út hefði sambýliskonan tekið mynd á eigin síma af bókarkápu í herberginu, enda hefði henni litist vel á bókina, og bar að samkvæmt símtæki hennar hefði myndin verið tekin kl. 00:17. Ákærði kvaðst ekki geta sagt til um hvort þau hefðu læst hurð hótélherbergisins þegar þau fóru út og bar að hann hefði aldrei haft vörslur á herbergislyklinum meðan hann dvaldi á hótelinu. Ákærði sagði að lykillinn hefði ýmist verið í fórum vitnanna B, C eða sambýliskonu hans, K. Ákærði sagðist m.a. minnst þess að hafa heyrt konurnar spyrja hverja aðra um lykilinn.

Fyrir dómi var ákærði inntur eftir skýringum hans á því að samkvæmt DNA-rannsókn hefðu sæðisblettir frá honum fundist í lakinu í herbergisrúminu. Ákærði svaraði því til að hann hefði kynnt sér rannsóknargögn lögreglu og fundist þessi niðurstaða „skrýtin“. Sagði ákærði að þeir blettir sem fundust í lakinu, þ.e. þeir sem hefðu verið nærri horni rúmsins, nærri rúmbríkinni, hefðu mögulega getað komið frá honum þegar hann settist þar eftir brottför vitnisins B úr herberginu og þá með þeim hætti að hann hefði sett hönd sína þar. Ákærði sagði að á öðrum þeim blettum sem fundust í lakinu gæti hann ekki gefið eiginlegar skýringar. Hann hefði þó m.a. hugleitt þann möguleika að þeir hefðu getað komið til þegar lögreglan hefði við rannsóknaraðgerðir krumpað lakið saman við haldlagningu þess, og enn fremur þegar sýnin hefðu verið tekin af lakinu hjá lögreglunni í Reykjavík. Þá hefði hann velt þeim möguleika fyrir sér hvort sá einstaklingur sem svaf í rúminu, brotþoli, hefði hreyft sig til með þeim afleiðingum að sængin eða eitthvað annað hefði hreyft við því sem kom í lakið og það þannig getað færst

til. Loks hefði hann velt þeim möguleika fyrir sér hvort fólk sem hefði komið inn í herbergið hefði getað snert blett og að þannig eða með öðrum hætti hefði efnið færst til frá umræddu horni og yfir á aðra staði á lakinu.

Fyrir dómi staðfesti ákærði að í áðurrakinni vitnaskýrslu hjá lögreglu, dags. 14. febrúar 2024, hefði hann ekki minnst á fróun B. Þar um vísaði ákærði til þess að hann hefði ekki haft vilja til þess að sambýliskona hans, K, hefði spurnir af athæfi hans og vitnisins B.

Fyrir dómi var af hálfu ákæruvalds farið yfir efni áðurrakinnar fyrri skýrslu ákærða hjá lögreglu, en einnig efni hinnar síðari skýrslunnar frá 2. maí 2024, og hann m.a. inntur eftir ætlaðri misvísandi frásögn og þá miðað við skýrslugjöf hans fyrir dómi varðandi þann tíma sem fróunin varði, hvar sæði hans hefði hafnað, frásögn sambýliskonu hans um að vitnað B hefði dvalið með henni um stund á baðherberginu, og loks að herbergishurðin hefði ætíð verið að nokkru opin. Ákærði vísaði til þess að sá tími sem fróun vitnisins B varði hefði í öllum tilvikum í raun verið áætlun hans, en um sæðisdropana hefði hann við yfirheyrslur lögreglu ekki verið viss um að hann hefði fellt sæði í greint sinn. Ákærði staðhæfði að frásögn sambýliskonu hans um dvöl vitnisins B á baðherberginu í greint sinn væri röng, en einnig um að baðherbergishurðin hefði að nokkru verið opin. Ákærði staðfesti að sambýliskonan hefði ekki verið undir vímuáhrifum umrætt kvöld og umrædda nótt.

Fyrir dómi var ákærða kynnt andstæð frásögn vitnisins B um hin kynferðislegu samskipti. Ákærði áréttaði framburð sinn að þessu leyti og bar að ætla mætti að minnisglöp vitnisins hrjáðu það um þetta atriði. Í því viðfangi staðhæfði ákærði að vitnið hefði verið í „mjög slæmu ástandi“ vegna áfengisneyslu eða af öðrum ástæðum. Þá nefndi ákærði að í síðari samskiptum vitnisins B við sambýliskonu hans hefði vitnið haft á orði að það myndi ekki mikið eftir eigin gjörðum þessa nótt og bar að það hefði eftir atvikum verið í samræmi við ástand þess þegar hann hefði séð til þess á barsvæði hótelsins og þá eftir að hann og sambýliskonan höfðu farið þangað eftir að þau höfðu farið út úr herbergi [...].

Ákærði skýrði frá því að hann og sambýliskonan hefðu haldið til á barsvæði hótelsins um stund, og m.a. verið í samskiptum við vitnið C, en um kl. 01:00 hefðu þau þrjú farið í hótélherbergi þeirrar síðarnefndu, nr. [...]. Ákærði sagði að eftir nokkra viðveru í herberginu hefði komið til tals að bjóða í herbergið vitninu J, sem hann hefði fyrst haft kynni af í hinni síðast greindu barferð. Ákærði sagði að hann hefði af þessum

sökum farið út úr herbergi [...], lagt leið sína á barsvæðið og hitt þar fyrir nefnt vitni sem hefði þegið boðið og komið með honum inn í hótsherbergið, nr. [...].

Fyrir dómi skýrði ákærði frá því að þar sem kalt hefði verið í herbergi nr. [...] hefðu hann og sambýliskonan farið þaðan út eftir nokkurra mínútna dvöl og þá með þeirri ætlan að fara í þriðja sinni í hótsherbergi B, nr. [...]. Vegna þessa hefði sambýliskonan fengið lykilm að herberginu lánaðan hjá C og bar að ætlan þeirra hefði verið að ná í þá hvítu peysu sem hann hafði skilið þar eftir, en einnig einn drykk til viðbótar. Að þessu leyti leiðrétti ákærði frásögn sína hjá lögreglu frá 2. maí, að tilgangurinn með því að fara til herbergisins hefði ekki aðeins verið að ná í drykkjarföng, þ.e. bjór, heldur einnig til þess að ná í umrædda peysu.

Ákærði greindi frá því að þegar hann og sambýliskonan hefðu komið að herbergi nr. [...] hefði herbergishurðin verið opin og bar að þegar þau hefðu komið þar inn hefði hinn fyrrnefndi hávaxni Íslendingur, vitnið D, verið þar fyrir. Ákærði sagði að nefnt vitni hefði staðið í hinu þrönga rými herbergisins, um 2–3 skrefum fyrir framan hið (tvíbreiða) hótlerúm. Hann hefði veitt því eftirtekt að vitnið D hefði verið að horfa til þess einstaklings sem lá þar í rúminu, þ.e. brotapolans í máli þessu. Nánar aðspurður kvaðst ákærði ekki minnst þess hvort brotþoli hefði er þetta gerðist verið með sæng yfir sér eða ekki. Ákærði lýsti atvikum eftir þetta á svipaðan veg og hann hafði áður gert hjá lögreglu, og áréttaði m.a. að þessi viðvera vitnisins D í herberginu hefði slegið hann nokkuð og því hefðu hann og sambýliskonan innt vitnið eftir því hvað það hefði verið að gera þarna inni. Ákærði áréttaði jafnframt að svo hefði virst sem vitnið hefði við nefndar aðstæður verið hálfórólegt, en staðfesti að það hefði svarað spurningunni með því að segja að það hefði verið að leita vitninu B, en þau þá bent því á að á þeirri stundu væri það nefnda vitni á barsvæðinu. Ákærði sagði að í framhaldi af þessum orðaskiptum hefði vitnið D farið út úr herberginu, og þau tvö gert það einnig, eftir að þau höfðu gripið drykki sína og hann þá farið í fyrrnefnda peysu. Ákærði sagði að nær öruggt hefði verið að sambýliskona hans hefði læst herbergishurðinni þegar þau yfirgáfu herbergið, enda hefði hún verið svolítið skelkuð vegna þessa atburðar.

Fyrir dómi staðhæfði ákærði að samkvæmt framansögðu hefði hann aldrei verið einn í hótsherbergi nr. [...] með brotþola og bar að umrætt skipti hefði verið það eina sem það hefði verið eitt í herberginu með sambýliskonunni.

Fyrir dómi áréttaði ákærði framburð sinn fyrir lögreglu og þ. á m. að eftir nefnda dvöl í herbergi nr. [...] hefðu hann og sambýliskonan á ný farið í herbergið nr. [...], til

vitnanna C og J þar sem þau hefðu greint frá því sem þau hefðu orðið vitni að í herberginu nr. [...]. Ákærði sagði að eftir um 10 mínútna dvöl hefði sambýliskonan haft orð á eigin svefnleysi og þau í framhaldi af því ákveðið að fara til síns heima og því farið út úr herberginu. Þau hefðu þó enn lagt leið sína að herbergi nr. [...] og þá með þeirri ætlan að ná í þá muni sem þau hefðu skilið þar eftir. Ákærði staðhæfði að hann minntist þess vel að sambýliskonan hefði opnað hurð herbergisins nr. [...] með lykli og að þau hefðu strax séð þegar þau komu þarna inn að brotþoli var eigi í rúminu. Vegna þessa hefði sambýliskonan bankað á baðherbergishurðina, en jafnframt spurt hvort „allt væri í lagi“. Ákærði sagði að brotþoli hefði opnað hurðina, en um leið spurst fyrir um hver þau væru og þau svarað henni með því að segja að þau væru vinir vitnisins B. Ákærði sagði að eftir þessi orðaskipti hefði brotþoli lokað baðherbergishurðinni, en á þeirri stundu hefði „móttökuritarinn“ á hótelinu komið inn í herbergið og spurst fyrir um erindi þeirra. Ákærði sagði að hótelfarfararinn hefði tilkynnt að „það hefði eitthvað komið fyrir og að þau gætu ekki verið inn í þessu herbergi og að það væri búið að hringja á lögregluna“. Ákærði sagði að á þessari stundu hefði hann ekki haft vitneskju um málavexti og þ. á m. ekki að málið varðaði brotþola eða að grunsemdir hefðu verið um nauðgun og af þeim sökum litið svo á að það skipti ekki máli þó svo að hann og sambýliskonan færu af hótelinu áður en lögreglan kæmi á vettvang. Þau hefðu því tekið eigin muni í herberginu, en í framhaldi af því lagt leið sína á ný í herbergi nr. [...], til nefndra vitna og gert þeim grein fyrir sem þau hefðu hefði orðið vitni að í herbergi nr. [...], en síðan kvatt. Ákærði sagði að á útleiðinni hefðu þau enn farið að herbergi nr. [...], en þá til þess að skýra hótelfarfarann frá því sem þau hefðu orðið vitni að fyrr um kvöldið og nóttina í nefndu herbergi. Að því erindi loknu hefðu þau yfirgefið hótelið og ekið til síns heima, í [...].

2, Brotþoli skýrði fyrir dómi frá atvikum máls aðfaranótt 16. desember 2023, í öllum meginatriðum á sama veg og hún hafði gert daginn eftir í vitnaskýrslu hjá lögreglu, að því er varðaði tildrög þess að hún hefði farið með vinkonunni og vitninu B í jólahlaðborðið á [...] föstudagskvöldið 15. desember sama ár. Hún lýsti að auki á sambærilegan hátt eigin ástandi vegna ölvunar við upphaf borðhalds, að hún hefði í raun ekki þekkt veislugesti og loks að hún hefði mjög fljótlega, um kl. 20:00, farið til hótelfarfaris vegna ástands síns, og þá með aðstoð vinkonunnar. Hún sagði að þegar þetta gerðist hefðu vinkonan einnig verið ölvuð, en þó í betra ástandi en hún var í, þrátt

fyrir að hún hefði einnig neytt fíkniefna. Brotapoli staðhæfði að hún hefði nær strax sofnað í hótélherberginu, eftir um 20–30 mínútur, í hinu tvíbreiða hótélrúmi, en þá í helmingnum sem var nær baðherberginu.

Brotapoli skýrði frá því að hún hefði aldrei orðið vör við umgang í hótélherberginu fyrr en hún hefði vaknað þá um nóttina, en hún hefði þá legið á bakinu. Brotapoli skýrði frá því að við þessar aðstæður hefði hún vaknað við gjörðir karlmanns, sem hefði verið í rúminu hjá henni og sagði: „Þegar ég vakna ... þá fann ég strax fyrir verk í leginu og hann var einhvern veginn að reyna að laga nærbuxurnar mínar og stuttbuxur, yfir ... hann var að toga þær til hliðar, og byrjar svo að stinga puttana í mig, og svo stuttu eftir það fann ég að hann var að sleikja mig, þíkuna, þannig að hann var að sleikja og putta mig ... haldandi um ...vinstra ... hnéð mitt og ýta fótunum mínum í sundur ...“

Brotapoli sagði að þegar atburður þessi gerðist hefði verið birta í herberginu frá lömpum. Þá hefði hún enn fundið fyrir áfengisáhrifum, en staðhæfði að vegna athæfisins hefði hún náð fullri meðvitund og sagði að hennar fyrsta hugsun hefði verið að gæta að eigin öryggi; „... þykjast vera ennþá sofandi ... Ég fraus bara af því ég vissi ekki hvað var í gangi og ég vissi ekkert hver þetta var, svo ég reyndi bara að vera eins og ég væri ennþá sofandi, þangað til hann var farinn eða búinn.“

Nánar aðspurð fyrir dómi hvort hún hefði séð gerandann, nefndan karlmann, svaraði hún þannig: „Bara þegar ég opnaði augun mín fyrst. Það var eina skiptið sem ég sá hann ... ég sá fyrst hendurnar hans á hnéið mitt, og svo sá ég hárið hans, svart hár.“ Brotapoli sagði að hún hefði auk þessa séð u.þ.b. helminginn af bók þessa karlmanns og bar að hann hefði verið klæddur „...í einhvers konar hvítan bol eða hlýrabol ég sá bara hvítt ... ég kíkti bara rétt svo, ekki einu sinni í eina sekúndu, ... ég vildi bara gá hvað væri í gangi.“ Brotapoli sagði að hún hefði séð andlit karlmannsins frekar óskýrt, enda hefði hún ekki verið með gleraugun á sér, en áréttaði að þegar atvik gerðust hefði hún nær strax lokað augunum, og því hefði hún m.a. „ekki séð augun hans, auk þess sem hné hennar hefðu að einhverju leyti byrgt henni sýn“. Hún kvaðst hafa ætlað á verknaðarstundu að karlmaður þessi hefði verið um þrítugt, 25–35 ára. Ítrekað aðspurð kvaðst brotapoli aðeins hafa séð nefndan karlmann í örskotsstund, e.t.v. í eina sekúndu, og treysti hún sér ekki til þess að segja til um hvort þetta hefði verið ákærði í máli þessu, sem hún sá í dómsal, þ.e. hvort hann hefði brotið gegn henni í greint sinn.

Brotapoli greindi frá því að í upphafi lýstrar atburðarásar hefði henni fundist, sem hún heyrði „... tvær karlmannsraddir, að tala eitthvað tungumál, ekki íslensku eða ensku,

ég hélt að þetta væri pólska“ og sagði að það hefði ekki verið þannig síðar í atburðarásinni, líkt og hún hefði sagt í eigin vitnaskýrslu hjá lögreglunni. Brotapoli sagði að hún ætti þó í erfiðleikum með að fullyrða um þetta atriði algjörlega þó svo að hún ætlaði að lögregluskýrslan væri efnislega réttari, enda hefði hún gefið hana skömmu eftir atburðinn. Brotapoli staðhæfði að umræddar tvær raddir hefðu ekki komið frá karlmanninum sem hefði verið hjá henni í rúminu, enda hefði hún heyrt þær úr meiri fjarlægð.

Fyrir dómi skýrði brotapolí frá því að gerandinn hefði hætt athæfinu í „... smá stund ... 30 sekúndur ... og farið ...“ frá henni, en hún haldið kyrru fyrir. Hún hefði hún togað sængina yfir sig, en jafnframt sett fætur sína saman, en framhaldinu lýsti hún þannig: „... og ég man eftir að heyra hurðina lokast ... og svo heyrði ég hurðina aftur opnast ... Og svo reyndi hann (gerandinn) að koma aftur ... að koma í sömu stöðu og hann var í ... hann tók aftur í hnéið mitt og reyndi svona að setja þau í sundur ... og taka hana (sængina) af, en ég var bara að þykjast vera sofandi og reyndi að halda henni, ... og þá svona reyndi ég að snúa mér til hliðar svo að hann hefði ekki aðgang ... því áður lá ég á bakinu.“

Brotapoli skýrði frá því að þegar gerandinn hefði komið í annað sinnið hefði henni fundist sem hún heyrði fleiri raddir, en sagði: „Ég heyrði að tveir aðrir eru í herberginu, en ég veit ekki hvort þeir voru þar eða ekki.“

Fyrir dómi sagði brotapolí að hún ætti í erfiðleikum með að segja til um hversu lengi gerandinn viðhafði lýsta háttsemi gegn henni, en á verknaðarstundu hefði henni fundist að hún hefði staðið yfir í klukkutíma „en svo var þetta örugglega bara í tvær eða þrjár mínútur“.

Brotapoli skýrði frá því að eftir að karlmaðurinn, gerandinn, hafði farið frá henni og út úr herberginu hefði hún orðið vör við bleytu á eigin líkama, á þíkunni, en ekki fundið fyrir bleytu í rúminu.

Brotapoli sagði að í kjölfar alls þessa hefði hún gripið tækifærið, tekið eigin síma og hlaupið inn á baðherbergið og læst að sér; „... til að fela mig“. Hún staðhæfði að á þeirri stundu hefði hún fundið fyrir miklum sviða.

Brotapoli skýrði frá því að eftir að hún var komin inn á baðherbergið hefði hún sent símaskilaboð til besta vinar síns, vitnisins N, og þá sagt: „Mér var nauðgað.“ Hún hefði síðan hringt í vitnið, en þá verið grátandi, og hún lýsti efni samtalsins þannig: „... ég var bara að reyna að fatta hvað er að gerast.“ Hún sagði að nefndur vinur hefði veitt

henni ráðleggingar sem hún hefði farið eftir, og því hefði hún reynt að hringja í vinkonuna B, en þegar hún hefði ekki svarað hefði hún hringt til lögreglunnar, og eftir það verið í viðvarandi sambandi við lögreglumenn og fylgt þeirra fyrirmælum, þ. á m. hefði hún haldið kyrru fyrir á baðherberginu þar til þeir komu á vettvang. Hún hefði því beðið eftir aðstoð á baðherberginu, en sagði að meðan á því stóð hefði kvenkyns hótelsstarfsmaður komið á vettvang. Hún hefði opnað baðherbergishurðina. Var það ætlan hennar að starfsmaður þessi hefði verið hinn fyrsti sem heyrði frásögn hennar af verknaðinum, en í framhaldinu hefðu lögreglumenn komið á vettvang.

Fyrir dómi staðhæfði brotaþoli að umræddur atburður hefði verið henni erfið lífsreynsla, en hún hefði m.a. glímt við þunglyndi, lífsleiða og svefntruflanir, og af þeim sökum þurft að taka svefnlyf. Vegna þessa ástands hefði hún þegið sálfræðiaðstoð allt frá janúarmánuði 2024 og bar að hún hefði verið greind með áfallastreituröskun.

3. Vitnið B áréttaði efnislega fyrir dómi í aðalatriðum það sem fram hafði komið við skýrslugjöf þess hjá lögreglu varðandi dvölinu á [...], ásamt brotaþola, m.a. varðandi áfengisneyslu þeirra og ölvun, en einnig um að brotaþoli hefði tiltölulega snemma um kvöldið sofnað í hótélherbergi þeirra, nr. [...]. Jafnframt sagði vitnið frá því að það hefði í símasamskiptum þetta kvöld rætt við sambýliskonu ákærða, vitnið K, um fíkniefni og að það hygðist neyta slíkra efna auk áfengisins. Vitnið sagði að þetta hefði leitt til þess að vitnið K hefði lagt leið sína, í boði þess, síðar þetta kvöld á hótelið ásamt sambýlismanni sínum, ákærða. Vitnið áréttaði að í millitíðinni hefði brotaþoli sofnað í hótélherberginu, auk þess sem vinnufélagi þess, vitnið G, hefði staldrað þar við um tíma, en einnig vinnufélaginn E.

Vitnið áréttaði að auk áfengis hefði það neytt fíkniefna, og m.a. eftir að brotaþoli hafði sofnað í hótélherbergi þeirra nr. [...]. Það var og ætlan vitnisins að fyrrnefnt sambýlisfólk hefði komið á hótelið á milli kl. 22:00 og 23:00, og bar að það hefði strax boðið þeim inn í hótélherbergi nr. [...], og sagði að brotaþoli hefði verið sofandi á þeirri stundu í herbergisrúminu. Vitnið sagði að það hefði í eitt skipt reynt að vekja brotaþola, og þá með þeirri ætlan að bjóða henni með sér af fíkniefnunum, en það reynt árangurslaust. Vitnið sagði að eftir þetta hefði það haldið áfram áfengisdrykkjunni, ásamt ákærða og sambýliskonunni, vitninu K, en að auki neytt fíkniefna. Vitnið sagði að í kjölfar þessa hefði það ásamt nefndu sambýlisfólki farið út úr hótélherberginu, og sagði að það hefði ekki í annað skipti umrætt kvöld og umrædda nótt verið einsömum með þeim í herbergi

[...], en bætti við: „... en það getur vel verið, ég ætla ekki að segja það.“ Vísaði vitnið til þess að það hefði í greint sinn verið undir miklum vímuáhrifum, en þá aðallega áfengisáhrifum og sagði: „Ég drakk frekar mikið, en ég tók líka fíkniefni.“

Vitnið skýrði frá því að við hin fyrstu samskipti við ákærða og vitnið K hefði það keypt meira af fíkniefnum, og þá af tilteknum aðila sem hefði komið inn á hótelið, en bar að þegar það hefði ætlað að neyta þeirra inni á baðherbergi hótélherbergis nr. [...] hefði vitnið C komið að henni, og við svo búið tekið efnin og sturtað því í klósettið, að viðstöddu vitninu K.

Fyrir dómi skýrði vitnið frá því að það sem eftir lifði kvöldsins og þá um nóttina hefði verið mikill umgangur fólks inni í hótélherbergi þess og brotþola, nr. [...], og sagði: „Það var mjög mikið flakk á milli, að fara fram og inn í herbergið aftur, og ég skipti þrisvar um föt þarna um kvöldið.“

Vitnið sagði að auk fyrrnefnds vinnufélaga, G, minntist það helst þegar hávaxinn ljóshærður karlmaður hefði verið í hótélherberginu, ásamt því og fleiri aðilum. Vitnið sagði að þessi karlmaður hefði setið í stól í herberginu og greinilega verið mjög ölvaður. Vitnið sagði að karlmaður þessi hefði tekið sig til og klætt sig úr eigin utanyfirbuxum og skyrtu, ásamt því sem hann hefði tekið utan um vitnið. Vegna þessa athæfis hefði það rekið hann út úr herberginu.

Vitnið skýrði frá því að það minntist þess helst að í upphafi umrædds kvölds hefði það verið með lykilin að hótélherberginu í eigin vörslum, en hann hefði verið áfastur beini, og staðhæfði að það hefði ávallt læst herbergishurðinni, en um síðir týnt lyklinum, að það ætlaði í anddyri hótelsins. Vitnið sagði að af þessum sökum gæti það ekki með nákvæmni sagt til um hvenær herbergið var læst, en bar að þrátt fyrir þetta og fyrrnefndan umgang hefði brotþoli ávallt legið fyrir í herbergisrúminu og þá án þess að rumska.

Vitnið skýrði frá því að það hefði umrætt kvöld verið í samskiptum við vinnufélagana, þ. á m. við sambylislífólkið ákærða og K, á barsvæði hótelsins, en því til viðbótar hefði það verið í netsamskiptum við kærán vin, sem um síðir hefði lagt leið sína á hótelið og bar að þau hefðu eftir það verið samvistum, sem hefði verið skýring þess að það hefði ekki heyrt í síma brotþola þegar hún hringdi síðar um nóttina, og því verið frekar seint á vettvang, í hótélherbergið nr. [...]. Vitnið sagði að þegar það hefði loks komið í herbergið hefðu þar verið fyrir, hjá brotþola, vitnið C. Vitnið sagði að brotþoli hefði á þeirri stundu verið skjálfandi og vart mælandi. Við þessar aðstæður hefði það heyrt

frásögn vitnisins C um „að henni (brotaþola) hefði verið nauðgað“. Vitnið sagði að skömmu eftir þetta hefðu lögreglumenn komið á vettvang.

Fyrir dómi og nánar aðspurt um atvik máls neitaði vitnið því alfarið að það hefði átt í kynferðislegum samskiptum við ákærða umrætt kvöld eða umrædda nótt. Jafnframt neitaði vitnið því að það hefði nokkurn tímann kysst ákærða, og þá ekki unnustu hans, vitnið K.

Fyrir dómi greindi vitnið frá því að kynvitund þess væri trans (transgender). Vitnið sagði að vegna þessarar kynvitundar hefði það ætíð þurft að treysta einstaklingum þegar það viðhefði kynlífsathafnir og breytti þá engu hvort það væri undir áhrifum áfengis eða vímuefna og sagði: „... ég hef alltaf vitað hvort að ég sé með typpi í höndinni, typpi uppi í mér eða eitthvað þannig. Sérstaklega þarna, þá var ég ekki búinn í aðgerðinni neitt og það var mjög erfitt fyrir mig að stunda kynlíf með einhverjum sem ég þekki núll, sama þótt það séu líka munnmök eða eitthvað.“

Aðspurt og þá vegna orða ákærða um að vitnið hefði fróað honum umrætt kvöld eða umrædda nótt í hótélherbergi [...], og að sambýliskona hans, vitnið K, hefði þá verið á baðherberginu, staðhæfði vitnið að frásögn ákærða væri röng: „100% ... Ég veit þegar ég er með typpi í höndinni, sko, sama undir hvaða áhrifum ég er, og kærastan hans var þarna. Ég myndi aldrei koma svona illa fram við hana í fyrsta lagi, að sofa hjá einhverjum sem er á staðnum með kærastanum eða kærustunni sinni, þannig að nei.“

Í ofangreindu viðfangi áréttaði vitnið hina fyrri frásögn sína og bar að það minnstist þess að það hefði aðeins einu sinni verið einsamalt í herbergi [...] með ákærða og sambýliskonu hans, K, og að það hefði gerst þegar þau komu inn á hótelið í upphafi, og áréttaði jafnframt að þá hefði vinkona þess, brotaþoli, verið sofandi í herberginu.

Vitnið staðhæfði að þrátt fyrir vímuástand sitt umrætt kvöld og umrædda nótt hefði það ekki verið „það fockt upp, að ég myndi ekki vita ef kynlíf myndi standa á“. Vitnið áréttaði að því sögðu að það kannaðist alls ekkert við frásögn ákærða, og þ. á m. að það hefði tekið utan um lim hans, en áréttaði jafnframt að það kannaðist ekki við að það hefði verið einsamalt ásamt vitninu K inni á baðherberginu í herbergi [...] við slíkar aðstæður.

Vitnið greindi frá því að eftir að lögreglan hafði farið með brotaþola af hótelinu umrædda nótt hefði það haldið til í hótélherbergi [...], en lagt af stað daginn eftir, um kl. 11:00, og farið sem leið lá á sjúkrahúsið í Neskaupstað, til brotaþola, en eftir það farið

með hana í heimahús til ættingja. Vitnið kvaðst hafa hætt störfum hjá [...] fáeinum dögum eftir þennan atburð og flust búferlum á suðvesturhorn landsins.

Vitnið skýrði frá því að það hefði ekki hafa verið í beinum samskiptum við ákærða og sambýliskonu hans, K, eftir þennan atburð, en sagði að vitnið K hefði sent því símaskilaboð fáeinum dögum fyrir aðalmeðferð málsins. Vitnið staðhæfði að í þessum skilaboðum hefði K verið með ásakanir um að það hefði snert typpið á ákærða margnefnda nótt. Vitnið sagði að það hefði neitað þessum áburði, en þar um vísaði það til útskriftar af þessum samskiptum, sbr. dskj. nr. 20.

Vitnið skýrði frá því að það hefði verið vinkona brotþola allt frá upphafi framhaldsskólagöngu þeirra og staðhæfði að fyrrnefndur atburður hefði haft veruleg áhrif á líðan hennar, en hún hefði glímt við mikla vanlíðan.

4. Vitnið K skýrði frá atvikum máls með líkum hætti og það hafði áður gert í áðurröktum vitnayfirheyrslum hjá lögreglu, annars vegar í símaskýrslu, hinn 11. janúar 2024, og hins vegar í skýrslugjöf á lögreglustöð, hinn 2. maí sama ár, að því er varðaði tildrög þess að það og ákærði lögðu leið sína á [...] á [...] að kveldi 15. desember 2023. Vitnið bar að vitnið B hefði í upphafi símasamskipta þeirra lýst skorti á fíkniefnum. Vitnið sagði að við komu þeirra á hótelið, um kl. 23:00–23:30, hefði vitnið B tekið á móti þeim, en ekki verið í góðu ástandi vegna sýnilegrar áfengisneyslu, en einnig eftir atvikum fíkniefnaneyslu, og hefði vitnið verið með blóðnasir. Vitnið sagði að þeim hefði strax verið boðið í hótélherbergi nr. [...] og bar að þar hefði það séð vitnið eiga viðskipti við erlendan fíkniefnamiðlara. Vitnið sagði að viðdvölin í þetta fyrsta skipti í herberginu hefði verið stutt, en bar að þá hefðu það og ákærði skilið eftir dót, þ.e. svart veski og poka með drykkjarföngum, en því til viðbótar hefði ákærði farið úr hvíttri peysu og skilið hana eftir í herberginu. Vitnið sagði að eftir það hefði ákærði aðeins verið íklæddur svörtum hlýraból að ofanverðu. Vitnið sagði að í hótélherberginu hefði verið birta frá lömpum, og það því séð ágætlega til. Vitnið bar að í þessari fyrstu vist umrætt kvöld og umrædda nótt í herberginu hefði vitnið C komið þar inn og bar að það hefði beðið brotþola að taka til fót úr ferðatösku fyrir vitnið B vegna fataskipta. Vitnið sagði að þegar vitnið C hefði verið að aðstoða vitnið B við fataskiptin hefðu þær veitt því eftirtekt að vitnið B var með í vörslum sínum fíkniefni. Hefði vitnið C tekið efnið og sturtað því í klósettið, en vitnið B orðið mjög pirrað og hefði þurft að róa það, en sagði að við þessar aðstæður hefði vitnið B reynt að kyssa það.

Vitnið áréttaði þá frásögn sína hjá lögreglu að eftir lýsta atburðarás hefðu þau öll, utan brotþola, farið út úr herberginu, þ. á m. eiturefnamiðlarinn, og í framhaldi af því lagt leið sína á barsvæði hótelsins. Vitnið sagði að umrætt kvöld og umrædda nótt hefði það ætíð séð brotþola sofandi í rúminu í nefndu herbergi.

Vitnið greindi frá því að það sem næst hefði gerst í herbergi nr. [...] hefði verið þegar vitnið B hefði boðið D, hávöxnum, dökkhærðum Íslendingi, með þeim til þess að hlusta á tónlist og neyta áfengis. Frásögn vitnisins um atvik í herberginu í greint sinn var sambærileg skýrslu þess hjá lögreglu, og þ. á m. varðandi ölvun og hegðan D. Vitnið sagði að við brottför þeirra úr herberginu, utan brotþola, hefði vitnið B gleymt herbergislyklinum, og því hefði það tekið hann í sínar vörslur eftir að hafa læst herberginu. Vitnið sagði að í framhaldi af þessu hefðu þau á ný farið á barsvæði hótelsins þar sem þau hefðu dvalið til miðnættis.

Fyrir dómi staðhæfði vitnið að er hér var komið sögu hefði vitnið B viljað fara á ný til hótélherbergis nr. [...], og sagði að það ásamt ákærða hefði sem fyrr fylgt henni eftir. Vitnið staðhæfði að það hefði opnað hurð hótélherbergisins með fyrrnefndum lykli, en eftir það strax lagt leið sína einsömul inn á baðherbergið, en B og ákærði þá haldið áfram för sinni inn í herbergisrýmið. Vitnið sagði að það hefði kastað af sér vatni á baðherberginu og þrifið sig, en því til viðbótar sent örfá símaskilaboð, og ætlaði að það hefði verið þarna inni í um 3–4 mínútur. Vitnið greindi frá því að rétt áður en það fór í greint sinn út af baðherberginu hefði það heyrt að hurð hótélherbergisins var lokað. Vitnið sagði að þegar það hefði komið út af baðherberginu hefði ákærði setið á rúminu, en B ekki verið sjáanleg og því hefði það spurt hvað hefði orðið um hana, en ákærði einungis sagt að hún hefði farið. Vitnið skýrði frá því að í þessari dvöl í hótélherberginu hefði það séð bók á skrifborðinu í herberginu nærri skáphorninu, og tekið mynd á eigin síma af bókarkápunni, kl. 00:17, enda hefði efni bókarinnar vakið athygli þess. Vitnið sagði að í kjölfar þessa hefði það ásamt ákærða farið út úr herberginu, og þau sem fyrr lagt leið sína á barsvæðið, þar sem þau hefðu hitt fyrir vitnið C.

Fyrir dómi sagði vitnið að um kl. 01:00 hefði vitnið C boðið því og ákærða að koma með sér inn á eigið hótélherbergi, nr. [...], sem þau hefðu þegið. Eftir um fimm mínútna dvöl hefðu það og ákærði afráðið að fara saman, og þá vegna kulda í herbergi [...], í herbergi vitnisins B, nr. [...], til þess að ná í hina hvítu peysu. Vitnið greindi frá því að við komu að herbergi [...] hefði það strax veitt því athygli að herbergishurðin var opin og bar að þegar það og ákærði hefðu gengið inn hefði hinn hávaxni Íslendingur, D,

verið þar inni, „fyrir framan rúmið“, og hefði hann „starað“ til brotaþola þar sem hún hefði verið sofandi í rúminu. Vitnið sagði að á þessari stundu hefði vitnið D „virkað taugastrekkur eða órólegur“. Aðspurt treysti vitnið sér ekki til að segja til um hvernig legan hefði verið á brotaþola þegar þetta gerðist og þ. á m. ekki hvort hún hefði verið með sængina yfir sér, en ætlaði að hún hefði verið „áþekk og áður“. Vitnið lýsti atvikum að þessu leyti á sama veg og það hafði áður gert hjá lögreglu, þ. á m. varðandi orðaskipti og brottför vitnisins D úr herberginu. Vitnið bar að við brottför þess og ákærða úr herberginu skömmu síðar hefði ákærði gripið þá muni sem þau áttu þar, þ.e. umrædda peysu, en einnig drykkjarföng, en síðan hefðu þau farið á ný í hótélherbergi vitnisins C, og greint því og vitninu J, sem þangað hafði komið, frá því sem gerst hafði. Vitnið vísaði til þess að þegar þetta gerðist hefði ákærði verið íklæddur hinni hvítu peysu, líkt og sjá mætti á ljósmynd sem tekin hefði verið í herbergi vitnisins C undir lok dvalar þeirra, sbr. dskj. nr. 19. Vitnið sagði að eftir u.þ.b. 15 mínútna dvöl í herberginu hefði það fundið fyrir syfju, og í framhaldi af því tilkynnt ákærða að það vildi fara heim og þau þá farið út úr herbergi C, nr. [...].

Vitnið skýrði frá því að eftir að það hafði farið úr herbergi [...], ásamt ákærða, hefðu þau enn lagt leið sína inn í herbergi B, nr. [...], í fimmta skiptið. Vitnið vísaði til þess að það hefði gleymt eigin veski þar inni, þ.e. fyrir framan rúmið. Vitnið sagði að er þetta gerðist hefði ákærði verið íklæddur hinni hvítu peysu og sagði: „... eftir minni minningu var hann í hvítu peysunni.“ Vitnið sagði að það hefði strax séð veskið á gólfinu fyrir framan rúmið, en jafnframt veitt því eftirtekt að brotaþoli var þá ekki í rúminu. Vegna þess hefði það bankað á baðherbergishurðina og spurst fyrir hvort allt væri í lagi með brotaþola. Vitnið sagði að brotaþoli hefði opnað hurðina örstutt og spurst fyrir um hver þau væru, en það þá svarað því til að þau væru vinir vitnisins B. Vitnið sagði að á þessari stundu hefði hótélstjórinn komið á vettvang og einnig spurst fyrir um hver þau væru, og þau þá endurtekið hin fyrri orð, en jafnframt upplýst að þau hefðu komið inn í herbergið til þess að sækja eigin eigur. Vitnið sagði að þau hefðu ekki dvalið lengi í herberginu í þetta skiptið, en í þess stað farið á ný til herbergis vitnisins C þar sem þau hefðu greint frá atvikum máls, og að samkvæmt orðum hótélstjórans væri lögreglan væntanleg, en jafnframt tilkynnt að þau væru að fara til síns heima. Vitnið sagði að skömmu eftir þetta hefðu þau yfirgefið herbergi C, en í framhaldi af því enn komið við í herbergi B, nr. [...], en þá til þess að láta hótélstjórann vita af því sem þau hefðu áður séð varðandi hegðun hins hávaxna karlmanns, þ.e. þegar hann hefði verið við rúmið og

starað á brotapolu. Að þessu sögðu hefðu þau farið frá hótelinu og ekið áleiðis til síns heima. Var það ætlan vitnisins að þegar þetta gerðist hefði klukkan verið um 01:30.

Fyrir dómi var vitnið spurt um það misræmi sem fram hefði komið í skýrslu þess fyrir dómi miðað við vitnaskýrslur þess hjá lögreglu, sbr. að það hefði í skýrslunni hinn 11. janúar 2024 ekkert minnst á að það hefði farið með sambýlismanni sínum, ákærða og vitninu B í herbergi [...], og að þau hefðu þannig verið þar þrjú, ásamt brotapolu, sem hefði verið sofandi, og enn fremur að við það tækifæri hefði það og vitnið B farið saman á baðherbergið, en að vitnið B hefði farið út þegar það hefði áttað sig á því að vitnið ætlaði að kasta af sér vatni, en að baðherbergishurðin hefði þá áfram verið hálfopin, og loks að það hefði tekið fyrrnefnda mynd af bókarkápu undir lok þessarar dvalar í herberginu. Vitnið svaraði því til að það hefði ekki munað eftir ofangreindri ferð í herbergi nr. [...] við skýrslutökurnar hjá lögreglu. Um hefði m.a. verið að ræða svokallaða símaskýrslu, hinn 11. janúar 2024, en það hefði þá verið erlendis og að auki taugaóstyrkt. Við þessar aðstæður, líkt og í síðari skýrslutöku, hefði það reynt að rifja upp atvik máls, en verið „þínu óviss“ og fyrir mistök eigi skýrt alveg rétt frá. Vitnið staðhæfði að atvik máls hefðu eftir skýrslurnar rifjast frekar upp og því hefði það í öllum aðalatriðum skýrt réttilega frá í síðari skýrslunni hjá lögreglu, þann 2. maí sama ár, sbr. að því leyti frásögn þess fyrir dómi. Vitnið staðhæfði að í eina skiptið sem það hefði verið með B inni á nefndu baðherbergi hefði verið þegar það hefði verið að aðstoða hana við fataskiptin, líkt og það hefði áður greint frá. Vitnið áréttaði að þegar það hefði komið út af baðherberginu í greint sinn hefði ákærði verið einsamall í herberginu og setið á rúmgaflinum, fyrir miðju rúminu, og það ekki séð annað en að hann hefði þá verið tiltöluleg eðlilegur í háttum.

Vitnið vísaði til þess að við síðari skýrslugjöfina hjá lögreglu hefði það talið mjög ólíklegt að ákærði og vitnið hefðu viðhaft kynferðislega háttsemi í herberginu. Vitnið sagði að eftir á að hyggja hefði það hins vegar talið þetta mögulegt. Þar um vísaði vitnið til þess að vitnið B hefði í eitt skipti, við tiltekin veisluhöld fyrr á árinu 2023, viðhaft kynferðislegt tal og lýst áhuga á kynlífsathöfnum með því og ákærða. Vitnið sagði að það hefði hafnað þessum hugmyndum, en af þessum sökum hugleitt eftir á að B hefði getað viðhaft kynferðislega hluti með ákærða í herbergi [...] í greint sinn, þ.e. þegar það hefði sjálft verið inni á baðherberginu. Í ljósi þessa alls hefði því sárnað, og því innt vitnið B nánar eftir atvikum máls í herberginu í greint sinn í símaskilaboðum skömmu fyrir aðalmeðferð málsins, hinn 29. september 2024, sbr. útskrift á dskj. nr. 20. Vitnið

bar að vitnið B hefði svarað því til að hún myndi ekki eftir slíkum kynferðislegum samskiptum við ákærða. Vitnið skýrði jafnframt frá því að það hefði rætt þetta málefni og atvik máls á hótelinu síðar við vitnið C, á móðurmáli þeirra, pólsku. Vitnið vísaði til þess að þær tvær væru nágrennar og góðar vinkonur og hittust því nokkuð oft.

5. Vitnið C skýrði frá atvikum máls fyrir dómi með líkum hætti og það hafði áður að nokkru gert í símaskýrslu hjá lögreglu og þ. á m. að það hefði verið á meðal gesta í umræddu jólahlaðborði og hefði haft til umráða herbergi nr. [...] á sama hótelgangi og herbergi nr. [...] og eigi ýkja fjarri.

Vitnið greindi frá því að það hefði umrætt kvöld og nótt lagt leið sína nokkrum sinnum í herbergi nr. [...], sem vinnufélagi þess, vitnið B, en einnig brotþoli hefðu haft til umráða. Vitnið skýrði frá því að áður en borðhaldið hófst hefði það farið í herbergið til þeirra og veitt því eftirtekt að þær voru þá báðar orðnar ölvaðar. Nokkru síðar kvaðst vitnið hafa séð hvar brotþoli hefði legið fyrir í stiga á hótelinu vegna eigin ölvunar. Vitnið kvaðst hafa gengist fyrir því að brotþoli yrði færð til hótelherbergis nr. [...] og síðar, þegar það hefði fylgt vitninu B í herbergið, séð að hún hafði sofnað þar. Vitnið sagði að erindi þess í greint sinn hefði varðað fataskipti vitnisins B og bar að við þær aðstæður hefði brotþoli vaknað.

Vitnið skýrði frá því að nokkur umgangur hefði verið í herbergi [...] eftir þetta og bar að þar inni hefði það að auki séð vitnið B handleika poka með fíkniefnum, en það brugðist við og sturtað efninu í klósettið. Vitnið sagði að vegna áðurlýsts ástands brotþola hefði það talið ástæðu til að líta til með henni, og því nokkrum sinnum lagt leið sína í herbergið, en í öll skiptin séð að hún var þar sofandi. Vitnið sagði að þegar það hefði verið í og við herbergið hefðu fleiri aðilar komið þar að, og þ. á m. vinnufélagar þess, vitnin G og E, og bar að þeir hefðu eitt sinn verið þar fyrir ásamt vitninu B þegar það hefði litið við. Þá kvaðst vitnið í annað sinn hafa séð sambýlisfólkið K og ákærða í herbergi [...] og bar að það hefði verið þar í samskiptum við þau.

Vitnið skýrði frá því að það hefði verið á barsvæði hótelsins, um kl. 00:30–00:45, í samskiptum við nefnt sambýlisfólk, en jafnframt séð fleiri vinnufélaga á vettvangi, m.a. vitnið B, sem hefði látið frjálst og m.a. verið að nudda sér utan í fólk og knúsa það og kyssa. Vitnið sagðist ekki hafa haft samskipti við vitnið B á þessari stundu. Vitnið skýrði frá því að eftir u.þ.b. 15 mínútna veru á barsvæðinu hefði það boðið nefndu sambýlisfólki, en einnig vitninu J í eigið hótelherbergi, nr. [...], og bar að þau fjögur

hefðu haldið þar til í u.þ.b. eina klukkustund. Vitnið sagði að á meðan á þessari dvöl þeirra stóð í herberginu hefði nefnt sambýlisfólk farið út úr herbergi þess um stund og þá með þeim orðum að þau ætluðu að fara í herbergi B, nr. [...], til þess að ná í eitthvað, en minntist þess jafnframt að vitnið K hefði látið orð falla um eigin þreytu. Vitnið sagði að sambýlisfólkið hefði komið inn í herbergi þess á nýjan leik eftir u.þ.b. þrjár mínútur, en þá haft á orði að eitthvað hefði gerst í herbergi [...] og að lögreglan væri mætt á vettvang. Vitnið kvaðst á þeirri stundu hafa ætlað að málið varðaði fíkniefni, en jafnframt fengið þær fregnir frá vitninu K og ákærða að karlmaður, íklæddur skyrtu, hefði á tímabili verið í herberginu nr. [...], hjá brotþola, og sagði að í því sambandi hefðu þau nefnt nafn vitnisins D, þ.e. að hann hefði staðið yfir brotþola í herberginu, en þau vísað honum út.

Vitnið greindi frá því að það hefði ekki séð vitnið K og ákærða frekar þessa nótt og ætlað að þau hefðu farið af hótelinu og til síns heima. Vitnið bar að það hefði hins vegar strax lagt leið sína í herbergi [...] með þeirri ætlan að ræða við brotþola. Við komu þess í herbergið hefði brotþoli verið búin að læsa að sér inni á baðherberginu, en það í framhaldi af því heyrt frásögn hennar um að hún hefði verið „misnotuð kynferðislega“. Vitnið sagði að á þessari stundu hefði brotþoli verið mjög hrædd og „í miklu uppnámi og hágrátandi“. Vitnið kvaðst í fyrstu hafa rætt við brotþola á baðherberginu, en eftir það hefðu þær setið saman á herbergisrúminu, ásamt því sem brotþoli hefði lagst þar fyrir. Vitnið kvaðst hafa verið hjá brotþola allt þar til lögreglan var komin á vettvang. Vitnið sagði að vitnið B hefði einnig komið í herbergi [...], en treysti sér ekki til að segja til um tíma að því leyti, en nefndi um 15–30 mínútum eftir að það kom á vettvang.

Nánar aðspurt sagði vitnið að umrætt kvöld eða um nóttina hefði það aldrei séð ákærða vera einan í herbergi nr. [...], hjá brotþola. Vitnið staðhæfði að þvert á móti hefði ákærði ætíð verið í því herbergi með öðrum og þá helst með sambýliskonunni og/eða vitninu B. Vitnið sagði að það gæti þó ekki fyllilega fullyrt um þetta atriði þar sem það hefði sjálft lagt leið sína út af hótelinu með sambýliskonu ákærða, K, til þess að reykja, auk þess sem þær hefðu í nokkur skipti farið saman á salernið og þá verið án ákærða. Vitnið kvaðst ekki minnast þess hvernig ákærði hefði verið klæddur umrætt kvöld og umrædda nótt.

Vitnið skýrði frá því að það hefði ekki haft vitneskju um hver það hefði verið sem brotið hefði gegn brotþola, en sagði að vegna fyrrgreindra orða K og ákærða, um dvöl fyrrgreinds karlmanns í herberginu hjá brotþola, ásamt lýsingu þeirra á klæðaburði hans,

þ. á m. að hann hefði verið íklæddur hvíttri skyrtu, hefðu þegar í upphafi verið uppi grunsemdir um að vitnið D hefði átt hlut að máli, en ekki ákærði.

Vitnið skýrði frá því að það hefði hugleitt það síðar að ekki hefði verið við hæfi í ljósi aðstæðna hversu margir virtust hafa haft aðgang að hótélherberginu nr. [...], þar sem brotapolí hefði sofið áfengissvefni. Í því viðfangi vísaði vitnið til þess að fyrri hluta föstudagskvöldsins hefði það orðið vart við að herbergishurðinni hefði ekki verið læst, þ.e. þegar vitnið B hefði lagt leið sína þangað ásamt vitninu G, og sagði að það hefði m.a. sjálft læst herberginu í framhaldi af því.

Vitnið greindi frá því að það hefði ekki verið í samskiptum við vitnið K og ákærða eftir ofangreindan atburð, fyrir utan að K hefði skömmu fyrir aðalmeðferð málsins rætt við það í síma, og þá um væntanlegan vitnisburð þess.

6. Vitni G lýsti fyrir dómi gjörðum sínum að nokkru í umræddu jólaboði, og þ. á m. samskiptum við vitnin D, E, C og B, með líkum hætti og það hafði að nokkru gert við skýrslugjöf hjá lögreglu, sbr. kafla VII, lið 5, hér að framan. Vitnið áréttaði að það hefði verið verulega ölvað í greint sinn, en staðfesti að það hefði um alllanga hríð hafst við í herbergi [...] með vitninu B, en að auki einnig eitthvað með hinum fyrrnefndu vitnum, E og D, og þá ásamt hinni sofandi konu, sem það hefði talið sig vera að gæta að einhverju marki, enda talið hana áfengisdauða. Vitnið bar að það hefði ekki veitt hinni sofandi konu sérstaka athygli við nefndar aðstæður, en í þess stað átt í samræðum við vitnið B, en auki aðstoðað hana vegna blóðnasa. Vitnið sagði að það hefði undir þessum kringumstæðum, um kl. 22:00, verið með nefndu vitni, en e.t.v. einnig vitninu C, þegar tveir erlendir karlmenn hefðu komið inn í herbergið, og sagði að þeir hefðu verið „dökkhærðir og svolítið dökkir á húð“ og íklæddir svörtum buxum og hvítum skyrtum, bar að þeir hefðu ekki farið alveg inn í herbergið en í þess stað verið nærri baðherbergishurðinni. Vitnið greindi frá því að þessir karlmenn hefðu borið fram þá ósk að það færi úr herberginu og þar sem það hefði ætlað að þeir væru hótélstarfsmenn hefði það hlýtt boði þeirra, enda á þessari stundu verið á leið heim, til sambýliskonu og ungabarns. Vitnið sagði að það hefði veitt því eftirtekt þegar það fór út úr herberginu að nefndir aðilar hefðu verið á herbergisganginum í hópi einstaklinga, og jafnframt séð að vitnið B virtist þekkja til þeirra. Vitnið skýrði frá því að það hefði farið út af hótélinu á tímabilinu kl. 22:00–23:00, með vinnufélögum, en bar að á heimleiðinni hefði það verið í símasambandi við vitnið D, og haft orð á því að það óttaðist um öryggi konunnar í rúminu í herbergi [...].

7. E lýsti atvikum máls með líkum hætti og rakið var að nokkru í kafla II, lið 1, hér að framan. Vitnið kvaðst hafa lagt leið sína, ásamt vitninu D, í hótélherbergi vitnisins B og brotaþola og bar að það hefði gerst skömmu eftir að það hefði séð þær „vel í glasi ... og vel drukknar, sýndist mér“. Vitnið sagði að þetta hefði gerst eftir að undirmaður þess, vitnið G, hefði brugðið sér í herbergið. Vitnið sagði að í herberginu hefði það, þegar til kom, ekki séð neitt óeðlilegt fyrir utan að vitnið B hefði verið með blóðnasir og vinkonan, brotaþoli, „... var sofandi í rúminu ... og mig minnir að hún hafi verið með sæng yfir sér“. Vitnið sagði að þegar þetta gerðist hefðu nefnd vitni, G og D, báðir verið ölvaðir „en alveg viðræðuhæfir“. Vitnið bar að það hefði ekki sinnt þessu verkefni frekar, enda farið af hótelinu skömmu eftir borðhaldið, um kl. 22:30.

8. Vitnið D skýrði frá atvikum máls fyrir dómi með líkum hætti og það hafði áður gert í vitnaskýrslu hjá lögreglu, sbr. kafla VII, lið 5, hér að framan.

Vitnið staðfesti að það hefði verið í margnefndu jólahlaðborði í hópi vinnufélaga frá [...], þ. á m. vitnanna G og E. Vitnið sagði að strax við borðhaldið hefði það orðið nokkuð ölvað, en þó ekki fengið svokallað „black out“.

Vitnið greindi frá því að það hefði fyrst haft kynni af vitninu B í jólahlaðborðinu, en kannaðist ekki við að hún hefði þar verið að daðra við það eða aðra gesti og sagði að það rámaði helst í að hún hefði þvert á móti haft orð á því að hún ætti kærasta. Þá lýsti vitnið samskiptum þeirra sem almennu „fyllerísspjalli“ í einhverju hótélherbergi, sem a.m.k. í fyrstu hefði tengst brotthvarfi og síðan viðveru vinnufélagans G þar. Vitnið lýsti að þessu leyti atvikum máls með líkum hætti og það hafði áður gert hjá lögreglu.

Fyrir dómi greindi vitnið frá því að það hefði nokkrum sinnum umrætt kvöld og umrædda nótt lagt leið sína að og í hið sama hótélherbergi og bar að í minningu þess hefði herbergishurðin nær alltaf verið opin og ætlaði að eftir atvikum hefði hurðar-pumpan ekki verið í sambandi.

Vitnið sagði að í fyrstu ferðinni í herbergið, um kl. 20:00–21:00, hefði það aðeins staðið í dyragættinni, og þá ásamt vitninu E, eftir að þeir hefðu bankað, og bar að þeir hefðu verið að reyna að fá vitnið G með sér, en þá séð til B þar inni og fleiri aðila. Vitnið sagði að erindi þess í herbergið hefði að öðru leyti ekki verið annað en að hitta annað fólk „og hafa gaman“. Vitnið sagði að í næstu ferð þess í hótélherbergið hefði það veitt því eftirtekt að einhver hefði legið fyrir í herbergisrúminu, frekar skakkt vinstra megin

og með sæng yfir sér og sagði: „... ég sá aldrei andlit, ég sá bara að það var einhver þarna, en þældi ekkert meira í því.“ Vitnið bar að það hefði ekki séð annað en að lega nefndrar manneskju í rúminu hefði ætíð verið hin sama og bar að það hefði ætlað að hún hefði verið búin að fá sér „of mikið að drekka“.

Nánar aðspurt bar vitnið að það minntist þess ekki að það hefði verið eitt í umræddu herberginu, hjá hinni sofandi, en sagði: „Það held ég alls ekki, og ef það var, þá hefur það bara verið í stutta stund. Ég sat einhvern tímann í stól, og hurðin inn á herbergið var alltaf bara opin, og fólk var alltaf að koma og fara ... svona að labba inn og út úr herberginu, þannig að það getur vel verið að ég hafi setið þarna með einhverjum og svo hafi þeir farið í stutta stund eða eitthvað.“

Aðspurt neitaði vitnið því alfarið að það hefði staðið yfir rúminu í herberginu og bar að það hefði í raun ekki komið nálægt því. Þá neitaði ákærði þeirri frásögn, m.a. vitnisins K, að við slíkar aðstæður hefðu komið að því karlmaður og kona, en sagðist minnst þess að karlmaður og kona hefðu komið að því þar sem það hefði setið í herberginu „úti í horni og í stól“ og þessir aðilar hefðu innt það eftir því hvað það væri að gera þarna, en það þá svarað því til að það hefði „bara (verið) að djamma, að tala við fólk, ég var þarna með vinum mínum“. Vitnið ætlaði að þessir aðilar hefðu verið erlendir að uppruna.

Nánar aðspurt kannaðist vitnið ekki við að það hefði stigið dans í herberginu eða fækkað þar fötum, og þá að viðstöddu vitninu B og fleira fólki. Vitnið kvaðst hins vegar hafa farið úr eigin jakka í borðhaldinu á neðri hæðinni og skilið hann þar eftir, og bar að eftir það hefði það verið í hvítri skyrtu og jakkafatabuxum.

Vitnið greindi frá því að það hefði ekkert þekkt til ákærða þegar atvik máls þessa gerðust, en minntist þess að umrædda nótt hefði það verið á barsvæði hótelsins þegar ókunnug kona hefði komið þar að og verið með ásanir um að það hefði „eyðilagt sitt eða hennar líf“. Vitnið sagði að kona þessi hefði strax farið og hefði því ekki gefist færi á að spyrja hvað hún hefði átt við með þessum orðum. Vitnið sagði að síðar hefði það tengt orð konu þessarar við það mál sem hér er til umfjöllunar, enda heyrt því fleygt að það hefði verið brotið gegn konunni í herbergisrúminu og þá með vísan til þess að viðkomandi gerandi hefði verið í hvítri skyrtu. Vitnið sagði að það hefði raunar strax heyrt þennan áburð á hótelinu umrædda nótt, m.a. frá vitninu J, en að auki veitt því eftirtekt að lögreglumenn hefðu komið á vettvang, og að viðvera þeirra hefði tengst manneskjunni í herbergisrúminu, en þannig hefði það haft af því spurnir að um konu

hefði verið að ræða. Vitnið upplýsti að umrædda nótt hefði það verið með dökkleitt hár og væri um 197–198 cm á hæð.

9. Vitnið I, pólskur starfsmaður [...], skýrði frá því að það hefði farið ásamt eiginkonu sinni í umrætt jólahlaðborð og við þær aðstæður m.a. veitt því eftirtekt að vitnið B virtist vera orðin ölvuð strax í upphafi borðhaldsins. Vitnið sagði að þau hjónin hefðu gist á hótélherbergi nr. [...] og verið komin þangað strax eftir borðhaldið, um kl. 22:00. Vitnið bar að eftir þetta hefði það heyrt umgang á hótélganginum, en einnig veitt því eftirtekt í tvígang að þar hefði komið til hópamyndunar, en þá jafnframt heyrt erlendar raddir, en þó ekki pólskar.

10. Vitnið H, pólskur starfsmaður [...], bar að það hefði í umræddu jólahlaðborði þekkt á meðal vinnufélaga vitnið B, en einnig hávaxinn og ljóshærðan karlmann, vitnið D. Vitnið staðhæfði að það hefði aldrei lagt leið sína í hótélherbergi fyrrnefnda vitnisins og bar að það hefði farið út af hótelinu um kl. 23:30 umrætt kvöld.

11. F, [...] starfsmaður [...], bar að það hefði verið á jólahlaðborðinu með eiginkonunni, í hópi vinnufélaga, þ. á m. vitnanna G og E, og orðið vitni að því að þeir tveir hefðu farið frá borðum um tíma, en komið aftur. Vitnið kvaðst ætla að vitnið G hefði alfarið farið af hótelinu með nafngreindum félaga þeirra frekar snemma kvöldsins, um kl. 22:00, og því strax eftir að borðhaldinu á neðri hæð hótelsins lauk. Vitnið sagði að á þeirri stundu hefðu þau hjónin fært sig um set og lagt leið sína á barsvæðið á grunnhæðinni, þ.e. um kl. 22:00–22:30, og sagði að þau hefðu eftir það ætíð haldið sig þar. Vitnið sagði að á barsvæðinu hefði það þekkt marga vinnufélaga, og þ. á m. vitnið J, en að auki hefði vakið athygli þess karlmaður, sem hefði í fyrstu verið íklæddur hvíttri skyrtu eða peysuvesti, en nokkru síðar eingöngu séð að hann var í svörtum bol, en að því leyti hefði hann verið frábrugðinn öðrum gestum hótelsins, sem hefðu verið sparíklæddir. Vitnið sagði að það hefði ætlað að þessi aðili hefði verið ættaður frá Spáni eða Portúgal og bar að með honum hefði verið kona. Vitnið sagði að það hefði aldrei rætt við þennan aðila, en staðfesti að það þekkti hann á ný í dómsal, sem ákærða í máli þessu.

Vitnið greindi frá því að þessa nótt hefði það um síðir séð til ferða lögreglumanna á hótelinu, en ekki gætt að erindi þeirra og þ. á m. aldrei lagt leið sína inn á hótélgangana. Vitnið skýrði frá því að það hefði farið út af hótelinu um kl. 03:00 og sagði að það hefði

gerst eftir að eiginkona vitnisins D hefði komið þangað á bifreið, en í framhaldi af því hefðu það og eiginkonan fengið heimakstur með þeim hjónum í nálægan byggðarkjarna.

12. Vitnið J greindi frá því að það hefði umrætt föstudagskvöld verið í hópi starfsfélaga í jólahlaðborði [...] og eftir að því lauk hefði það haldið til um tíma á barsvæði hótelsins, en þá m.a. hitt fyrir vitnin C B., ásamt sambýlisfólkinu K og ákærða. Vitnið sagði að þegar hinum lifandi tónlistarflutningi hefði lokið hefði ákærði boðið því til hótélherbergis C, sem það hefði þegið. Vitnið sagði að eftir þetta hefði það dvalið í herberginu með þeim þremur við almennar samræður. Vitnið sagðist minnst þess að ákærði hefði er þetta gerðist verið íklæddur svörtum „tankabol“, svokölluðum hlýrabol, en minntist þess ekki að hann hefði einnig íklæðst peysu.

Vitnið skýrði frá því að nefnd vitni hefðu öll utan þess sjálfs á einhverjum tímapunkti farið út úr herbergi K, en það ætíð haldið þar kyrru fyrir. Vitnið sagðist minnst þess að í eitt skiptið hefðu ákærði og vitnið K kvatt og farið út, en síðan komið aftur, og þá til þess að sækja vitnið C. Vitnið staðhæfði að er þetta gerðist hefði lögreglumál verið komið til. Vitnið sagði að í greint sinn hefði það hlýtt á frásögn vitnisins K um að eitthvað hefði komið fyrir, en að auki síðar þessa nótt fengið símaskilaboð frá ákærða og K, sem eitthvað hefði tengst málefnum, en það hefði greint lögreglu frá efni þeirra við rannsókn málsins. Vitnið skýrði frá því að umrætt kvöld hefði það aldrei séð til ferða brotþola, og í raun fyrst séð hana eftir að lögreglan var komin á vettvang þá um nóttina.

13. Vitnið N skýrði frá því fyrir dómi að það hefði verið á næturvakt aðfaranótt laugardagsins 16. desember 2023, þegar því hefði birst myndsímhringing frá brotþola, sem það lýsti þannig: „Hún var í mjög miklu paniki og grátandi ... og hún sagði að einhver hefði nauðgað henni ... og hún sagði að nokkrir einstaklingar hefðu verið inni í herberginu hjá henni og nauðgað henni.“

Vitnið skýrði frá því að brotþoli hefði haft á orði að hún hefði læst að sér inni á baðherbergi hótélherbergis og bar að í þessum samskiptum þeirra hefði hún verið að leita eftir bjargráðum. Vitnið greindi frá því að það hefði lagt að brotþola að hringja til lögreglu, en einnig að reyna að tryggja nærveru einhvers aðila, ásamt því að hringja til þeirrar vinkonu, sem hún hefði verið með í hótélherberginu. Vitnið sagði að það hefði eftir þessi símsamskipti við brotþola án árangurs reynt að hringja í vinkonu brotþola.

14. Vitnið L, þáverandi hóteltjóri á [...], skýrði frá því að föstudagskvöldið 15. desember 2023 hefði verið haldið næstsíðasta jólahlaðborðið það árið. Vitnið lýsti atvikum máls með líkum hætti og það hafði gert í áðurrakinni skýrslu hjá lögreglu, sbr. kafla VI, lið 10, hér að framan. Vitnið sagði að í greint sinn hefðu viðskiptavinirnir verið frá þremur fyrirtækjum og stofnunum, þ. á m. hefði verið hluti starfsmanna [...], en gestir í hlaðborðinu hefðu verið um 90. Vitnið bar að það hefði verið í hlutverki gestgjafa og tekið á móti hlaðborðsgestunum, en síðan haft stjórn á allri dagskránni og þjónustunni, sem að því leyti hefði verið persónuleg. Vitnið bar að það hefði m.a. gert þeim gestum, sem gistu á hótelinu um nóttina, grein fyrir því að aðeins einn lykill væri að hverju herbergi, og því bæru þeir ábyrgð á eigin lykli.

Vitnið lýsti dagskránni og sagði að borðhaldið hefði hafist um kl. 19:30, en að því hefði verið lokið um kl. 22:30. Vitnið sagði að á meðan á slíku borðhaldi stæði væri algengt að nokkurt ráp væri á gestum, og þá um stigann að grunnhæðinni, en þar væri barsvæðið, gestamóttakan og anddyrið. Vitnið sagði að á grunnhæðinni væri einnig hótelangurinn með herbergjum. Vitnið sagði og að eftir borðhaldið væri lifandi tónlist á barsvæðinu.

Vitnið greindi frá því að umrætt kvöld hefði það m.a. sinnt gestum á barsvæðinu eftir borðhaldið, en því til viðbótar hefði það sinnt gestamóttökunni, sem hefði verið samtengt barnum. Vitnið sagði að borðhaldið umrætt kvöld hefði farið mjög vel fram og hefðu m.a. flestir næturgestirnir verið farnir til herbergja sinna upp úr kl. 01:00 eða um svipað leyti og flutningi á hinni lifandi tónlist lauk. Nokkrir gestir hefðu þó dvalið lengur á barsvæðinu og átt í samræðum, en vitnið sagði að þar hefði einungis verið um starfsmenn [...]að ræða.

Vitnið skýrði frá því að það hefði aðeins þekkt til annars þess næturgests sem var með herbergi nr. [...], þ.e. vitnisins B, og vitað að það hefði verið starfsmaður [...], en jafnframt vitað að með henni á herberginu hefði verið vinkona, brotápoli í máli þessu. Vitnið sagðist minnast þess að þessar konur hefðu verið fyrstu gestirnir sem komu á hótelið þennan dag, um kl. 14:00. Vitnið kvaðst ekki hafa séð til brotáþola á jólahlaðborðinu á neðri hæðinni um kvöldið og ekki heldur á barsvæðinu eftir borðhaldið. Vitnið sagðist hins vegar hafa séð til vitnisins B á barsvæðinu eftir borðhaldið og sagði: „Það fer svona svolítið mikið fyrir henni, hún er áberandi manneskja ... hún t.d. skipti þrisvar um föt þetta kvöld.“ Vitnið sagði að svo hefði virst sem B hefði

verið mjög hrifin af athyglinni, en að auki hefði henni legið frekar hátt rómur og því verið áberandi í hópi gestanna.

Vitnið skýrði frá því að áður en borðhaldið hófst hefði það veitt því eftirtekt að vitnið B hafði fengið blóðnasir, og jafnframt séð að við þær aðstæður hefði hávaxinn dökkhærður karlmaður, sem hún ætlaði að hétu Jón, aðstoðað hana, og haft á orði að hún skyldi fara inn á herbergi sitt til að þrifa sig.

Vitnið skýrði frá því að á meðal gesta á barsvæðinu, eftir að borðhaldinu lauk, hefði verið þar, karlmaður og kona, sem ekki hefði verið gestir á hótelinu, en jafnframt séð að það þekkti til fólks sem þarna hefði verið og því hefði það ekki skipt sér af veru þess. Vitnið kvaðst jafnframt hafa séð til karlmanns, sem greinilega hefði verið í samskiptum við B á barsvæðinu, sem ekki hefði verið gestur á hótelinu. Vegna þess hefði það rætt við B og spurt hana beinlínis að því hvort karlmaður þessi ætlaði nokkuð að gista á því herbergi sem hún hafði verið skráð fyrir. Vitnið sagði að B hefði svarað því til að karlmaður þessi væri „hennar lover“ og bar að það hefði verið í samræmi við athafnir þeirra á barsvæðinu, en einnig við gestamóttökuna. Vitnið kvaðst ekki hafa séð B í slíkum samskiptum við aðra gesti í greint sinn og þá ekki við karlmenn, en bar að fólkið hefði almennt verið ölvað og farið á „trúnó“ eins og tíðkist við aðstæður sem þessar.

Vitnið skýrði frá því að rétt fyrir kl. 02:00 umrædda nótt hefði verið farið að róast á barsvæðinu og það verið að fara að loka barnum þegar það hefði fengið símhringingu frá Neyðarlínunni sem hefði tilkynnti „að það væri stelpa inni á herbergi, sem hefði orðið fyrir mögulegri nauðgun og biður mig að fara inn í herbergið til hennar þangað til lögreglan kemur“. Vitnið kvaðst strax hafa hlýtt kallinu, en tók fram að það minntist þess ekki að það hefði verið beðið um að geyma lykilinn að herbergi [...], líkt og sumir gestir hefðu gert.

Um atvik og aðstæður í greint sinn sagði vitnið: „Þegar ég kem að herberginu þá stendur lykillinn í skránni, þannig að herbergið ([...]) var ólæst. ... Lykillinn er á stóru og frekar þykku hreindýrabeini, þar sem herbergisnúmerið stendur á ... og það þarf bara að snúa einu sinni til þess að læsa.“ Vitnið lýsti aðkomu sinni í herbergið þannig: „Ég mæti konu og karlmanni sem ég þekki ekki, en veit samt að voru á barnum fyrr um kvöldið, en þau voru ekki gestir á hótelinu og ekki jólahlaðborðsgestir.“ Vitnið sagði að þegar þetta gerðist hefði brotaþoli verið búin að læsa að sér inni á baðherberginu. Vitnið

bar að það hefði strax við þessar aðstæður beðið fyrrnefndan karlmann og konu að fara út úr herberginu og fara á barsvæðið og bíða þar.

Vitnið sagði að í þeirri atburðarás sem á eftir fór hefði komið inn í herbergið kona sem hefði verið næturgestur á hótelinu, en var starfsmaður [...], en það hefði beðið hana að bíða fyrir utan herbergið, enda hefði hún verið með spurningar um hvað hefði gerst og haft vilja til að ræða við brotþola. Vitnið sagði að brotþoli hefði neitað að tala við þessa síðast greindu konu. Vitnið sagði aðspurt að ólíklegt hefði verið að einhver hefði verið búinn að tala við brotþola áður en það kom að málum og ræddi við hana í greint sinn. Í því viðfangi vísaði vitnið m.a. til aðstæðna, og þ. á m. til þess að það hefði séð inn allan herbergisganginn þegar það fór á vettvang úr afgreiðslunni, nefndra erinda.

Vitnið skýrði frá því að það hefði bankað á baðherbergishurðina og lýsti viðbrögðum brotþola með líkum hætti og það hafði áður gert við skýrslugjöf hjá lögreglu. Vitnið sagði að það hefði þannig séð þegar brotþoli opnaði hurðina að hún var í símasamskiptum við Neyðarlínuna, en lýsti aðkomunni og samskiptunum við brotþola nánar þannig: „Þá er hún (brotþoli) grátandi ... og hún segir mér að henni hafi verið nauðgað uppi í rúmi, en hún viti ekki mikið meira ... hún sagði mér voða lítið og sagðist ekki muna mikið. Hún sagðist hafa verið sofandi og allt í einu séð mann yfir sér og bara var í mikilli geðshræringu. ... Og ég spurði hvort að hún hefði eitthvað séð hvernig hann hefði litið út, og það eina sem hún sagði við mig: „Hann var í svörtum hlýraból.““

Vitnið staðhæfði að fyrrgreind lýsing á klæðnaði ætlaðs geranda hefði verið í samræmi við klæðnað þess karlmanns sem það hefði séð þegar það kom fyrst á vettvang. Ítrekað aðspurt kvaðst vitnið vera alveg viss um að brotþoli hefði í greint sinn sagt að umræddur karlmaður hefði verið í svörtum hlýraból. Vitnið var innt eftir þeirri frásögn þess við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 14. febrúar 2024, þ.e. að brotþoli hefði haft á orði að þegar hún hefði vaknað hefði maður í hvíttri skyrtu verið yfir henni og að hún héldi að henni hefði verið nauðgað. Vitnið sagði að brotþoli hefði einnig talað um hvíta skyrtu og bar að það hefði síðan verið aðalatriðið hjá lögreglunni eftir að hún kom á vettvang og þá sökum þess að aðeins einn karlmaður í jólahlaðborðinu, fyrrnefndur „Jón“, starfsmaður [...], sem hefði verið á barsvæðinu umrætt kvöld, hefði verið íklæddur hvíttri skyrtu. Vitnið sagði að þessi tiltekni karlmaður hefði verið nokkuð hávaxinn og neytt áfengis á barnum í nokkru magni „og var á ákveðnu tímabili kominn í röfl-ástand við okkur barþjónana“. Vitnið sagði að vegna ástands þessa karlmanns hefði það boðið honum vatnsglas, en jafnframt gert honum grein fyrir að það myndi ekki afgreiða hann

um fleiri bjóra. Vitnið sagði að lögreglumenn hefðu rætt við þennan karlmann umrædda nótt.

Fyrir dómi var vitnið nánar innt eftir þeirri frásögn þess hjá lögreglu að sá karlmaður og sú kona sem það hefði hitt við komu þess í herbergi nr. [...] hefðu látið þannig að þau hefðu vitneskju um hver það hefði verið sem hefði brotið gegn brotapolá í greint sinn, og jafnframt að því hefði fundist sem það hefði verið búíð að vera þarna inni í einhvern tíma, og loks að karlmaðurinn hefði verið búinn að fara úr sinni skyrtu og því verið í svörtum hlýraból. Vitnið staðfesti fyrrgreinda frásögn, en vísaði í að nokkuð væri um liðið frá því að það gaf umrædda skýrslu hjá lögreglunni. Vitnið sagðist hins vegar minnst þess að þegar það kom fyrst inn í herbergið hefði það byrjað á því að spyrja parið um erindi þess í herberginu og „hvað hefði komið upp á“. Vitnið sagði að á þeirri stundu hefði það skynjað það þannig að parið hefði virst vera meðvitað um atvik máls og „tala um, já, líka um einhvern mann í hvíttri skyrtu, sem að þau samt geta ekki nafngreint. Að hann, að þessi maður hafi verið inni í herberginu“.

Vitnið áréttaði að við lýstar aðstæður hefði það beðið parið að fara út úr herberginu, en þá séð að karlmaðurinn hefði tekið upp af gólfinu eða af stólnum hvíta skyrtu, og þá frekar en svarta og séð hann klæða sig í flíkina. Vitnið áréttaði að það vildi vísa til þeirrar skýrslu sem það hafði áður gefið hjá lögreglunni, og þá m.a. varðandi litinn á skyrtunni, enda væri langt um liðið, og því væri frásögn þess hjá lögreglunni réttari. Í ljósi þessa var vitnið innt eftir þeirri frásögn þess hjá lögreglu að þegar umræddur karlmaður hefði komið inn á hótelið margnefnt kvöld hefði hann verið íklæddur hvíttri skyrtu og jakka, en verið í svörtum hlýraból þegar það kom inn í herbergið. Vitnið áréttaði af þessu tilefni að langt væri um liðið frá þessum atburði og því myndi það eigi eftir því þegar nefndur aðili kom inn á hótelið, en sagði að lögregluskýrsla þess væri efnislega réttari varðandi litinn á peysunni, sem viðkomandi hefði tekið af gólfinu eða stólnum. Vitnið áréttaði enn fremur að það myndi það skýrlega að viðkomandi karlmaður hefði verið íklæddur svörtum hlýraból þegar það kom inn í herbergið og sagði: „Já, af því að mér fannst það frekar óvenjulegur klæðnaður af manni sem að er inni í herbergi, sem að hann á ekki að vera í.“ Vitnið kvaðst enn fremur staðfesta þá orðræðu sem það átti við brotapolá inni á baðherberginu, um karlmanninn sem braut gegn henni í greint sinn, og sagði: „Þessi svarti hlýrabólur situr mjög í mér eftir þetta.“

Fyrir dómi áréttaði vitnið fyrri lýsingu sína varðandi ástand brotapolá, en sagði að hún hefði að öðru leyti verið á þann veg að hún hefði alveg verið fær um svara þeim

spurningum sem það beindi að henni. Vitnið kvaðst hins vegar ekki treysta sér til að segja til um þau áfengisáhrif, sem brotapolí var undir í greint sinn. Vitnið sagði að brotapolí hefði verið í mikilli geðshræringu þegar þetta gerðist og bar að hún hefði helst viljað vera á baðherberginu, og sagði að hún hefði m.a. læst baðherberginu þegar það hefði brugðið sér út, en kom til hennar aftur. Vitnið staðhæfði að það hefði verið eitt í herberginu með brotapolá í u.þ.b. 10–15 mínútur eða þar til lögreglumenn komu á vettvang. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að vitnið B hefði komið þar inn í greint sinn.

Vitnið skýrði frá því að það hefði veitt því eftirtekt að í margnefndu hótélherbergi nr. [...] hefði „allt (verið) á rúi og stúi og ekki mjög snyrtilegt“.

16. Vitnið T, héraðslögreglumaður nr. [...], staðfesti gerð og efni frumskýrslu lögreglu. Vitnið sagði að eftir að útkallið hefði borist hefði það ekið ásamt lögreglumanni nr. 0522 frá [...] og á leiðinni mætt akandi umferð. Vitnið sagði að við lögregluáðgerðir á vettvangi hefðu búkmyndavélar verið virkar.

Vitnið skýrði frá því að margir hótélgestanna hefðu verið á vettvangi í anddyrinu við komu lögreglu, rétt um kl. 02:00, og bar að sýnilega hefði verið mikil ölvun. Vitnið staðfesti að við komu þess hefðu þeir lögreglumennirnir strax rætt við hótélstjóran í anddyrinu, sem í beinu framhaldi af því hefði fylgt þeim að herbergi nr. [...]. Vitnið sagði að herbergið hefði verið lokað og það því bankað þar til opnað hafði verið fyrir lögreglumönnum. Vitnið sagði að tveir einstaklingar hefðu tekið á móti þeim, en brotapolí verið inni á baðherberginu, sem hefði verið læst, en hefði verið þar ásamt vinkonu sinni, vitninu B. Vitnið sagði að tveir aðrir einstaklingar hefðu verið í herberginu, kona og karlmaður.

Vitnið sagði að samstarfsmaður þess hefði strax rætt við brotapolá inni á baðherberginu, en það hins vegar farið í að afla upplýsinga um hugsanleg vitni með því að skrá niður nöfn og önnur auðkenni, en samhliða reynt að átta sig á aðstæðum, og á mögulegum brotavettvangi, og loks gætt að því hverjir hefðu verið á hótelinu og hverjir hefðu verið farnir, sem hefðu verið margir. Vitnið sagði að hinn ætlaði vettvangur í herbergi nr. [...] hefði verið verndaður, en að auki hefði í hinum fyrstu áðgerðum verið reynt að afla upplýsinga um þá aðila sem hefðu verið í herberginu fyrr um kvöldið og nóttina og þá hvenær það hefði verið. Vitnið sagði að örðuglega hefði gengið að afla nákvæmrar tímalínu um hið síðast greinda atriði.

Vitnið sagði að á hótelinu hefði verið erill af fólki, sem þeir lögreglumennirnir hefðu rætt við og í raun mun fleiri en fram kæmi í frumskýrslunni, en þannig hefðu fengist hinar fyrstu upplýsingar, þ. á m. frá vitninu K, en einnig frá vitninu D. Vitnið sagði að nokkru eftir hinar fyrstu lögregluaðgerðir hefði verið rætt frekar við síðast greinda vitnið, enda hefði útlit þess getað átt við lýsingu vitnisins K.

Vitnið sagði að við gerð frumskýrslu lögreglu hefði það til viðbótar við eigin skráningu fengið upplýsingar frá samstarfsmanninum, þ. á m. varðandi viðtal hans við ætlaðan brotþola á baðherberginu. Að auki hefði það horft á myndir úr báðum búkmynda-vélunum.

Vitnið skýrði frá því að um kl. 03:00 hefði rannsóknarlögreglumaðurinn nr. 8826 komið á vettvang og tekið yfir rannsókn málsins.

17. Vitnið S, rannsóknarlögreglumaður nr. [...], skýrði frá því að það hefði verið á bakvakt umrædda nótt þegar lögreglumenn hefðu gert því viðvart um að grunur væri um kynferðisbrot á [...]. Vitnið sagði að við komu þess á vettvang hefði brotþoli verið á leið í sjúkrahúsið á sjúkrahúsið í Neskaupstað, en einnig hefðu margir þeirra gesta sem hefðu verið í jólahlaðborðinu þegar verið farnir til síns heima, ásamt því sem margir næturgestir hefðu verið búnir að taka á sig náðir. Vitnið sagði að það fólk sem það hitti fyrir á hótelinu hefði verið mjög ölvað.

Vitnið skýrði frá því að það hefði gert venjubundna vettvangsrannsókn, sem m.a. hefði falist í ljósmyndatöku, en einnig hefði það viðhaft sérhæfðari myndatöku í herbergi [...]. Vitnið sagði að við þessar síðast greindu rannsóknaraðgerðir hefðu strax komið í ljós ummerki á því laki sem hefði verið í þeim rúmhluta sem brotþoli hafði verið í þá um nóttina. Að þessu leyti staðfesti vitnið áðurgreind rannsóknargögn, og þ. á m. haldlagningu á lakinu. Vitnið sagði að lakið hefði verið sett í innsiglaðan bréfpoka, skráð í munaskrá, en síðan sent til tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH). Vitnið sagði að það hefði litið svo á að þeir blettir sem sáust á lakinu hefðu verið stærri en svo þeir hefðu verið eftir kám.

Vitnið staðfesti fyrir dómi yfirheyrsluskýrslur, þ. á m. af ákærða. Að auki útskýrði það rannsóknargögnin frekar, og bar m.a. að það hefði helst ætlað að pumpan á herbergishurðinni hefði ekki verið virk, án þess að það hefði gætt að því sérstaklega. Vitnið staðfesti að engar eftirlitsmyndavélar hefðu verið á vettvangi, en vitnið hefði leiðrétt skráningartexta á ljósmyndum varðandi númer herbergja.

Vitnið skýrði frá því að við upphaf rannsóknaraðgerða á vettvangi „hefðu verið einhverjar óljósar upplýsingar um ... að gerandinn væri dökkhærður, stuttklipptur og hefði verið klæddur í hvíta skyrtu eða hvítan bol eða eitthvað svoliðis, en svo vorum við líka með upplýsingar um það að það hefði verið aðili þarna inn í herberginu sem hefði verið hávaxinn, grannur og ljóshærður“. Vitnið skýrði frá því að þegar það hefði komið á vettvang hefðu lögreglumenn verið í viðræðum við vitnið D. Vitnið sagði að það hefði einnig rætt við nefnt vitni á vettvangi, en að auki tekið af honum munnholssýni og strokusýni af höndum þess. Vitnið sagði að vitnið D hefði verið mjög ölváð í greint sinn.

18. Vitnið R, sérfræðingur tæknideildar LRH, kom fyrir dóminn og lýsti þeim sérfræðirannsóknum sem gerðar höfðu verið og útskýrði þær. Vitnið staðfesti jafnframt efni skýrslna, og þ. á m. að stærð þeirra átta bletta í laki sem hefði verið haldlagt hefðu verið á bilinu 1,5x2x5 til 12x14. Að auki lýsti vitnið mögulegum smitáhrifum þeirra í milli í bómullarlakinu sem var haldlagt í greint sinn.

19. Vitnið Ó hjúkrunarfræðingur kom fyrir dóminn og staðfesti áðurrakin sérfræðigögn neyðarmóttöku sjúkrahússins í Neskaupstað og þ. á m. að því er varðaði skráningu á frásögn brotaþola. Vitnið sagði að þau smásjárýni og önnur gögn sem hefðu verið tekin í greint sinn hefðu verið send til lögreglu til frekari rannsóknar.

20. Vitnið O, fyrrverandi læknir á sjúkrahúsinu í Neskaupstað, staðfesti að það hefði m.a. komið að gerð þeirrar sérfræðiskýrslu sem hjúkrunarfræðingur hefði skráð og staðfesti efni hennar, auk annarra gagna sjúkrahússins. Vitnið sagði að frásögn brotaþola hefði verið greinargóð, en að hún hefði lýst nokkru minnisleysi um atvik máls umrætt kvöld, en sagði að hún hefði á hinn bóginn verið mjög skýr um þau atvik sem hún mundi eftir. Vitnið sagði að brotaþoli hefði ekki borið sýnileg merki um vímuáhrif vegna lyfja- eða áfengisneyslu, en hins vegar augljóslega verið í andlegu áfalli. Vitnið staðfesti að það hefði séð áverka, þ.e. roða á leghálsi, en því til viðbótar hefðu verið hvítir blettir þar við svo og þurrir blettir við leggangaopið. Vitnið lét það álit í ljós að umræddir áverkar hefðu getað samræmst frásögn brotaþola, en í því sambandi nefndi það aðkomu fingurs, eða eftir atvikum getnaðarlíms.

21. Þ sálfræðingur staðfesti efni sálfræðiskýrslu og þ. á m. að brotapolí hefði þegið sálfræðiþjónustu hjá neyðarmóttökunni, sem heyrir undir áfallateymi Landspítalans. Vitnið sagði að eiginlegi meðferð brotapóla hefði lokið, en að hún hefði þegið eftirmeðferð vegna kvíða og streitu vegna dómsmeðferðarinnar.

XII.

Niðurstaða.

1. Í máli þessu er ákærða gefin að sök nauðgun aðfaranótt laugardagsins 16. desember 2024 á [...].

Í ákæru ákæruvalds, héraðssaksóknara, er ætlaðri háttsemi nánar lýst þannig að ákærði hafi haft önnur kynferðismök en samræði við brotapolu, A, án hennar samþykkis, beitt hana ólögmati nauðung og notfært sér ölvunarástand hennar, með því að stinga fingri inn í leggöng hennar og sleikt kynfæri hennar, en að brotapolí hafi ekki getað spornað við verknaðinum sökum ölvunar og svefndrunga. Í ákærunni segir in fine að ákærði hafi haft sáðlát í rúminu þar sem brotapolí svaf.

Í ákærunni er háttsemi ákærða talin varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum, en þar segir:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja. Samþykki telst ekki liggja fyrir ef beitt er ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmati nauðung. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti.

Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að beita blekkingum eða notfæra sér villu viðkomandi um aðstæður eða að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

2. Af hálfu ákæruvalds er saksóknin byggð á rannsóknargögnum lögreglu líkt og rakið hefur verið hér að framan að nokkru.

Í máli þessu hefur ákærði neitað sök og verknaðarlýsingu í ákæru og krefst hann aðallega sýknu af refsikröfu ákæruvaldsins.

Ákærði byggir á því að ákærvaldið hafi eigi sannað sök hans. Hann vísar m.a. til þess að það sæði hans sem fannst á vettvangi varði eigi refsiverða háttsemi hans.

3. Í máli þessu liggja fyrir fyrrgreind rannsóknargögn lögreglu, þ. á m. frumskýrsla og skýrslur ákærða. Þá liggja fyrir skýrslur lögreglu, sem teknar voru af brotþola og vitnum, sem að hluta til voru teknar í síma. Einnig liggja fyrir gögn sem aflað var eftir að málið var þingfest fyrir dómi, þ. á m. grunnteikning af [...] og ljósmyndir, þ. á m. af ákærða, svo og vottorð sálfræðings, sem varðar brotþola.

Hér að framan hefur verið vikið að ofangreindum gögnum en að auki hefur að nokkru verið rakinn hljóðritaður framburður ákærða, brotþola og vitna, og þá ekki síst fyrir dómi.

Sönnunarbyrðin um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákærvaldinu, sbr. ákvæði [...]. gr., 1. mgr. 109. gr., 110. gr. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Er dómi skylt að meta hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þ. á m. hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg gögn. Þá er í 2. mgr. 109. gr. nefndra laga mælt fyrir um að dómur meti hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir megi leiða af um það. Í þessu viðfangi ber einnig að líta til annarra atriða og þá m.a. að því er varðar sönnunargildi vitnisburðar, en þar ber að lögum, sbr. ákvæði 126. gr. laga nr. 88/2008, að huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola. Loks ber í dómi að meta við úrlausn máls sönnunargildi framburðar ákærða, þ. á m. trúverðugleika hans. Í því sambandi skal m.a. hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans, sbr. ákvæði 115. gr. nefndra laga.

4. Fyrir liggur að jólateiti var haldið á [...] föstudagskvöldið 15. desember 2023, sem hófst með fordrykk síðdegis. Hið eiginlega jólahlaðborð fór fram á jarðhæð hótelsins og mun það hafa hafist umrætt kvöld um kl. 19:30 en lokið um kl. 22:00. Eftir borðhaldið var gestum boðið á grunnhæð hótelsins þar sem tónlist var leikin í barsal allt til um kl. 01:00 aðfaranótt laugardagsins 16. desember. Barsvæðið hefur tengingu við gestamóttökuna og anddyrið, en að auki við einn af herbergisgöngum hótelsins. Gestir í jólahlaðborðinu voru samkvæmt vitnisburði hótelsstjóra um 90 og var hluti þeirra

starfsmenn [...] og gistu nokkrir þeirra á hótelinu þá um nóttina, á fyrrnefndum hótलगangi, m.a. í herbergjum nr. [...], [...]og [...].

Óumdeilt er að brotþoli var boðsgestur vinkonunnar og vitnisins B, sem var í hópi vinnufélaga, en á meðal þeirra voru vitnin C og félagi hennar, D og maki, E og maki, F og maki, G, H, I og J. Vitnin neyttu áfengis umrætt kvöld, og sum verulega. Að mati dómsins ber vitnisburður þeirra þessa merki, m.a. varðandi tímasetningar, en fyrir liggur að vitnið B neytti einnig fíkniefna, og er óumdeilt að það bar þess veruleg merki, a.m.k. um tíma, sbr. m.a. vitnisburð hóteltjórans L um að það hafi séð fyrir borðhaldið að vitnið var með blóðnasir, en hafi eftir atvikum náð sér á strik á barsvæðinu síðar um kvöldið og nóttina þegar hún hafi verið í samskiptum við unnusta, sem fyrst mun hafa komið á hótelið eftir borðhaldið.

5. Fyrir liggur að brotþoli var verulega miður sín vegna áfengisneyslu í byrjun jólahlaðborðsins, um kl. 20:00, og það svo að hún var ekki talin fær um að vera þar. Vegna þessa var brotþoli leidd til þess hótélherbergis sem hún og vitnið B höfðu til umráða á fyrrnefndum hótलगangi, nr. [...]. Samkvæmt frásögn brotþola, sem er í samræmi við vætti vitnisins B, lagðist brotþoli til hvílu í hinu tvíbreiða hótélrúmi og undir sæng í öllum fötum sínum. Verður ráðið að þetta hafi gerst rétt um kl. 20:30.

Samkvæmt vætti brotþola vaknaði hún nokkru eftir miðnættið og hringdi eftir það mjög fljótlega til Neyðarlínunnar.

Samkvæmt rannsóknargögnum barst lögreglu tilkynningin vegna neyðarkallsins frá brotþola kl. 01:37 aðfaranótt laugardagsins 16. desember 2023.

6. Fyrir dómi hefur brotþoli borið að skömmu fyrir lýst neyðarkall hafi hún skyndilega vaknað við að ókunnugur erlendur karlmaður hafi verið í rúminu hjá henni og verið að færa hné hennar til og frá þar sem hún hafi legið á bakinu, en einnig undirfötin, en í framhaldi af því hafi hann sett fingur í leggöngin og sleikt kynfæri hennar. Brotþoli hefur borið að við þessar aðfarir hafi hún stirðnað upp og brugðið á það ráð, sér til varnar, að þykjast vera sofandi. Brotþoli hefur við alla meðferð málsins verið staðföst í þessari lýsingu, en hún hefur jafnframt borið um að hún hafi fundið til sársauka í kynfærunum vegna athæfisins. Brotþoli hefur einnig borið að hún hafi fundið fyrir áfengisáhrifum þegar þetta gerðist og verið óáttuð, en samt nær strax náð fullri meðvitund, og því hugað að eigin öryggi. Er til þess að líta að áfengismagn í blóði brotþola virðist samkvæmt

rannsóknnum Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands hafa verið fallandi. Þá komu í rannsókninni ekki fram merki um fíkniefnaneyslu.

7. Í málinu liggja fyrir staðfest sérfræðigögn frá neyðarmóttöku sjúkrahússins í Neskaupstað, en þar er m.a. greint frá því að sýnilegur roði hafi verið á leghálsi brotaþola. Í þessum gögnum er því einnig lýst að andlegt ástand brotaþola hafi verið bágborið, en að mati dómsins er það í samræmi við framburði vitna, sem voru í samskiptum við brotaþola eftir að hún hafði farið inn á baðherbergi hótélherbergisins, einkum vitnanna N og L, en dómurinn metur þau trúverðug.

Að ofangreindu virtu og þar sem framburður brotaþola hefur í ljósi aðstæðna verið stöðugur verður hann lagður til grundvallar, og þá um að ókunnugur karlmaður hafi brotið gegn henni kynferðislega með ofangreindum hætti, sbr. sakarefni ákæru.

8. Að virtu vætti áðurgreindra vitna verður lagt til grundvallar að töluverður umgangur hafi verið í hótélherberginu nr. [...], þar sem brotaþoli hafðist við í hinu tvíbreiða rúmi, eftir að hún lagðist þar til hvílu tiltölulega snemma á margnefndu föstudagskvöldi. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu hvíldist hún í þeim helmingi rúmsins sem var nær baðherberginu, en óumdeilt er að ætíð var birta frá lömpum í herberginu.

Samkvæmt samhljóða framburði vitna hélt brotaþoli ætíð kyrru fyrir í rúminu og rumskaði vart þrátt fyrir umgang í herberginu. Einnig liggur nægjanlega fyrir að mati dómsins að vitnin G og E hafi farið tiltölulega snemma frá hótelinu eftir að jólahlaðborðinu lauk til síns heima og því nokkru fyrir miðnættið.

9. Ágreiningslaust er að ákærði og sambýliskona hans, vitnið K, lögðu leið sína á [...] skömmu fyrir miðnættið umrætt föstudagskvöld í boði vitnisins B, og voru þau komin þangað um kl. 23:30. Þar höfðust þau við í um tvær klukkustundir. Óumdeilt er að strax við komu hafi þau farið í hótélherbergi vitnisins B, nr. [...], þar sem brotaþoli svaf, og að þá hafi þau skilið eftir eigur sínar, m.a. veski, vínföng og hvíta peysu ákærða. Liggur fyrir að í greint sinn hafi einnig komið við í herberginu vitnin C og D, en að viðdvöl þeirra allra hafi verið tiltölulega stutt, enda hafi þau farið á barsvæði hótelsins, líkt og tiltölulega oft mun hafa gerst eftir þetta.

Fyrir dómi hefur ákærði borið að þegar hann kom á hótelið hafi hann m.a. verið verið íklæddur hinni hvítu peysu, sem hann skildi eftir í herbergi nr. [...], og því hefði

hann eftir það að mestu verið í svörtum hlýraból að ofanverðu. Er þetta í samræmi við framburð vitnisins og hóteltjórans L. Við meðferð málsins hefur ákærði greint frá því að hann hafi þann tíma sem hann hafðist við á hótelinu klætt sig að nýju í hvítu peysuna, og því hefði hann náð í flíkina í fyrirnefnt herbergi. Hann hafi m.a. verið í peysunni a.m.k. hluta þess tíma sem hann hafðist við í hótelherbergi nr. [...], í boði vitnisins C, sbr. ljósmynd, sem hann lagði fram við meðferð málsins fyrir dómi, en bar jafnframt að eftir atvikum hefði hann farið úr peysunni aftur. Ákærði treysti sér ekki til að segja til um það nákvæmlega hvenær hann hafði þessi fataskipti. Fram hefur komið að ákærði hafi neytt áfengis eftir að hann kom á hótelið.

10. Af gögnum verður helst ráðið að eftir komu ákærða og sambýliskonu hans, vitnisins K, á hótelið, og eftir hina fyrstu dvöl þeirra í hótelherberginu nr. [...], hafi þau í nokkur skipti haldið til á barsvæði hótelsins, en einnig endurtekið lagt leið sína í herbergið, en að það hafi einnig gert vitnið B, a.m.k. í fyrstu. Þá hafi nefnt vitni C, og D einnig endurtekið lagt leið sína í herbergið. Allir þessir aðilar hafa borið að fleiri einstaklingar hafi einnig lagt leið sína í herbergið, en við rannsókn lögreglu var ekki fyllilega upplýst hverjir það voru. Verður samkvæmt þessu ráðið að nokkurt ráp hafi verið á gestum hótelsins, ekki síst nefndra aðila og vitna, á milli herbergja, í ýmsum erindagjörðum og þar á meðal að sækja vín, að hafa fataskipti, að hlusta á tónlist og dansa og loks til að fara á salerni. Til þess er að líta að öll hafa nefnd vitni ítrekað borið um, líkt og ákærði, að þrátt fyrir þennan umgang hafi brotaþoli ætíð verið sofandi og vart bært á sér í fyrirnefndu rúmi í herbergi nr. [...].

Ákærði og vitnið K hafa við meðferð málsins borið að í einni ofangreindra ferða þeirra í herbergi [...] hafi þau gengið inn um ólæsta og hálfopna herbergishurðina, en þá séð vitnið D þar einan á vettvangi, standandi við herbergisrúmið og hafi við þessar aðstæður horft stíft til brotaþola. Samkvæmt vætti vitnisins K hjá lögreglu þann 2. maí sá vitnið þegar þetta gerðist aðeins í andlit brotaþola, enda hefði hún að öðru leyti verið undir sæng og verið „meðvitundarlaus“.

Fyrir liggur að vitnið D var umrædda nótt m.a. íklæddur hvítri skyrtu, og sá eini sem var þannig klæddur samkvæmt vætti hóteltjórans L, en vitnið er skolhært og hávaxið. Vitnið D, hefur staðfest frásögn annarra vitna um að það hafi nokkrum sinnum farið inn í herbergi nr. [...], en jafnframt borið um að það hafi þá verið undir miklum áfengisáhrifum, en aftur á móti ekki kannast við að hafa m.a. viðhaft tiltekið dansatriði

og afklæðst að nokkru í herberginu. Vitnið hefur aftur á móti staðhæft að það hafi ætíð í þessum ferðum sínum í herbergið verið með öðrum einstaklingum, þ. á m. vitninu B. Í einu tilviki hafi það atvikast að það hafi verið eitt í herbergi, en það hafi gerst þegar aðrir hefðu brugðið sér frá. Í þetta tiltekna skipti hafi karl og kona komið inn í herbergið, enda hafi herbergishurðin verið opin, en einstaklingurinn í rúminu verið sofandi, en það setið þar í stól í einu horninu.

Við mat á frásögn vitnisins K í símaskýrslu hjá lögreglu, þegar það skýrði fyrst frá ofangreindu atviki, verður eigi horft fram hjá þeim hnökrum sem að mati dómsins voru við skýrslutökuna, sbr. það sem rakið var hér að framan. Að því leyti verður horft til 4. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en einnig ákvæðis 67. gr. sömu laga og reglugerðar nr. 651/2009, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 335/2023, sbr. að því leyti einnig ákvæði 126. gr. laga nr. 88/2008.

11. Vitnið L hefur fyrir dómi skilmerkileg greint frá því að aðeins hafi verið einn lykill að hótélherbergi [...] og hafi gestum hverju sinni verið falin varsla hans. Samkvæmt framburði vitna var umrætt herbergi nr. [...] ekki ætíð læst að kveldi föstudagsins 15. desember sl. og þá ekki eftir miðnættið aðfaranótt laugardagsins 16. desember. Fram hefur hins vegar komið að eftir að brotaþoli hafði sofnað undir sæng í rúminu í herberginu hafi vitnið B verið með vörslur á umræddum lykli, en að síðan hafi vitnið K tekið hann í sínar vörslur, en um síðir komið honum í vörslur vitnisins C. Samkvæmt frásögn ákærða fékk hann og sambýliskonan, K lykilinn lánaðan hjá vitninu C þegar þau áttu erindi í herbergi [...] umrædda nótt, og þar á meðal þegar þau höfðu dvalið í boði hennar í hótélherberginu nr. [...]eftir kl. 01:00 og þá eftir að tónlistarflutningi á barsvæðinu lauk.

12. Fyrir dómi hefur ákærði staðfastlega borið um að hann hafi aldrei verið einn í hótélherbergi nr. [...], enda nær ætíð verið með sambýliskonu sinni þann tíma sem þau dvöldu á hótelinu. Þó hafi þau skilist að þegar sambýliskonan hafi nokkrum sinnum farið út af hótelinu til þess að reykja með vitninu C, en að auki þegar þær hafi farið saman á salerni. Þá hafi hann farið einsamall á barsvæðið, eftir að hafa farið út úr herbergi [...], þegar hann hafi boðið vitninu J að vera með í gleðskapnum þar, og þá ásamt vitninu C og sambýliskonunni. Ákærði greindi einnig frá því að undir lokin á hans veru í þeim vistarverum hefði hann verið kominn í hina hvítu peysu. Nefnt vitnið J hefur borið að

það hafi aldrei séð ákærða öðru vísi klæddan, en svartan hlýraból, svokallaðan „tankaból“ og þannig séð ákærða klæðast peysu.

13. Ákærði og sambyliskona hans, vitnið K, hafa lýst aðkomu sinni í herbergi [...] þegar þau lögðu leið sína þangað til þess að sækja eigur sínar, einkum tösku, þ.e. þegar þau hefðu verið á útleið af hótelinu. Hefur vitni K borið að þegar þetta gerðist hafi ákærði verið íklæddur hinni hvítu peysu, að því helst minnti. Þessi frásögn er í andstöðu við vitnisburð hótelsstjórans L. Fyrir liggur að skömmu áður en þetta gerðist hafði brotþoli hlaupið inn á baðherbergið eftir að karlmaður hafði brotið á henni kynferðislega.

Samkvæmt frásögn vitnisins K hafði það og ákærði dvalið í mjög skamma stund í herberginu við nefndar aðstæður þegar hótelsstjórinn og vitnið L kom inn í herbergið, og þá eftir að hótelsstjórinn hafði rétt áður fengið hringinguna frá Neyðarlínunni. Samkvæmt vætti L upplýsti það ákærði og vitnið K, að þá þegar hefði verið búið að óska eftir aðstoð lögreglu, en að í þeirri orðræðu hefði ákærði og vitnið K haft uppi orð um karlmann í hvítri skyrtu, sem hefði verið í herberginu hjá brotþola. Liggur fyrir að við þessar aðstæður hafi hótelsstjórinn vísað ákærða og vitninu K út úr herberginu, og hafa þau borið um þá hefðu tekið með sér þá muni sem þau höfðu áður skilið eftir. Samkvæmt vætti vitnisins L kom þessi brottrekstur til vegna tilmæla frá brotþola, en jafnframt hefur vitnið borið um að á þessari stundu hafi það séð ákærða taka upp af gólfinu í herberginu eða af stól hvíta skyrtu, frekar en svarta, og hafi ákærði þegar klætt sig í flíkina. Vitnið L hefur jafnframt staðhæft að það hafi beðið ákærða og vitnið K að bíða á barsvæði hótelsins.

Fyrir liggur að eftir að ákærði og vitnið K fóru úr herbergi hafi þau lagt leið sína í þarnaesta herbergi á ganginum, herbergi nr. [...], þar sem þau hitt fyrir að nýju vitnið C, og greindu þá frá aðstæðum í herbergi [...]. Að auki skýrði þau frá því einhverju áður hefðu þau orðið vitni að veru hins hávaxna karlmanns, sem hefði klæðst hvítri skyrtu, sem hefði verið í herberginu hjá brotþola. Liggur fyrir að ákærði og vitnið K fóru við svo búið af vettvangi, um kl. 01:30, en þá eftir að þau höfðu að sögn upplýst hótelsstjóran um veru nefnds karlmanns í herbergi nr. [...].

14. Fyrir dómi hefur brotþoli greint frá hinni kynferðislegu háttsemi karlmanns, sem hún varð fyrir í hótélherberginu, sbr. það sem hér að framan er rakið. Í skýrslu brotþola hjá lögreglu bar hún þegar brotið átt sér stað hefði hún opnað augu í eitt augnablik og þá

séð glitta í efri hluta andlits karlmannsins, en þá einnig að hann var með svart hár, og á aldrinum 25-35 ára. Brotapoli hefur einnig skýrt frá því að karlmaður þessi hafi hætti athæfi sínu í stutta stund og farið frá henni, en síðan komið aftur og togað í sæng hennar, hún haldið fast á móti, en hann þá farið út úr herberginu.

Fyrir dómi hefur brotapoli áréttað að hún hefði aðeins séð umræddan karlmann í örskotsstund, í um eina sekúndu, og treysti hún sér ekki til að segja til um hvort að það hefði verið ákærði sem þarna hefði átt í hlut, en hún sá hann í dómsal við aðalmeðferð málsins. Brotapoli hefur greint frá því að þegar atburður þessi gerðist hefði hún ekki verið með eigin gleraugu, og því hefði hún séð andlit karlmannsins óskýrt, en bar að hann hefði verið íklæddur hvítum bol eða hlýrabol, en að hún hefði í raun aðeins séð eitthvað hvítt.

Brotapoli hefur greint frá því að öllu hin lýsta atburðarás í herberginu hafi varað í tvær til þrjár mínútur, og að eftir að hún hafði runnið sitt skeið hefði hún fundið fyrir bleytu á kynfærum sínum, en ekki í rúminu.

Við meðferð málsins hefur brotapoli borið að þegar ofangreindur atburður gerðist hefði henni fundist hún heyra tvær raddir, og þá fjarri gerandanum, sem mælt hafi á erlendri tungu. Nánar aðspurð hefur brotapoli nefnt að þetta hafi hún heyrt um það leyti sem gerandinn gerði hlé á háttsemi sinni, en fyrir dómi sagði hún að þetta hefði einnig getað gerst strax í upphafi, en nefndi að hún hefði ekki viss um að þessi tveir aðilar hefðu í raun verið í herberginu þegar atvik máls gerðust. Brotapoli sagði að eftir að hún hafði farið inn á baðherbergið hefði hún reynt að ná áttum.

15. Vitnið L hóteltjóri hefur fyrir dómi borið að brotapoli hafi verið í mikilli geðshræringu á baðherberginu og haft á orði að henni hefði verið nauðgað í rúminu, en hefði takmarkaðar minningar um verknaðinn þar sem hún hefði verið sofandi. Vitnið hefur og borið að brotapoli hafi haft á orði að þessi verknaður hefði gerst mjög skyndilega, en að auki sagt um útlit gerandans að hann hefði verið í svörtum hlýrabol. Vitnið sagði að sá klæðnaður hefði verið í sínum huga í líkingu við þann klæðnað sem sá karlmaður var í þegar það kom fyrst á vettvang í herbergi nr. [...].

16. Í máli þessu liggja fyrir niðurstöður rannsóknastofu vegna DNA-rannsókna, sem gerðar voru á sýnum og samanburðarsýnum sem tekin voru af ákærða og úr blettum, misstórum, sem fundust á því rúmlaki sem brotapoli lá á í greint sinn, en þá á allstóru

svæði, m.a. nærri miðju þess, en einnig á neðri hlutanum, þ.e. nær fótagaflí. Að auki voru tekin FTA-munnholssýni úr fyrrgreindum níu vitnum til sambærilegrar rannsóknar, og þá til samanburðar á þeim sýnum sem tekin höfðu verið á vettvangi, í hótélherbergi nr. [...], og af brotaþola við hina réttarlæknisfræðilegu skoðun á sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Þessu til viðbótar voru tekin tvö sýni af höndum vitnisins D til rannsóknar. Leiddi greining og rannsókn í ljós að þau sýni sem tekin höfðu verið af lakinu höfðu sama DNA-snið og að það væri eins og DNA-snið ákærða. Greiningin leiddi ekki í ljós að aðrir einstaklingar, þ.e. nefnd vitni, hefðu átt hlut að máli, og þá ekki vitnið D.

17. Líkt og áður hefur verið rakið var ákærði í kjölfar ofangreindrar sérfræðirannsóknar yfirheyrður í tvígang af lögreglu hinn 2. maí 2024. Í upphafi fyrri yfirheyrslunnar áréttaði ákærði hinn fyrri framburð sinn, en breytti honum síðar og sagði, líkt og hann gerði fyrir dómi, að hann hefði ásamt sambýliskonunni K og vitninu B í eitt skipti farið umrædda nótt í herbergi nr. [...]. Fyrir dómi sagði ákærði að þetta hefði gerst um kl. 00:10–00:15 og hefði brotaþoli þá sem fyrr verið sofandi í rúminu og hann aðeins séð hluta af hendi hennar og fæti. Eins og rakið hefur verið hefur ákærði borið um að þegar þau þrjú komu inn í herbergið hefði sambýliskonan strax farið einsömul inn á baðherbergið og lokað að sér, en hann og vitnið B þá í stutta stund átt í kynferðislegu samneyti fyrir framan herbergisrúmið, en þar hefði vitnið B fróað honum í stutta stund. Hann hefði ekki fengið fullnægingu, en engu að síður hefði verið möguleiki á því að sæði hans, einn eða fleiri dropar, hefði getað komið frá honum, enda þótt hann hefði ekki fengið „fullt sáðlát“. Um „eitthvað smáræði“ hefði verið að ræða.

Ákærði hefur við meðferð málsins haldið því fram að ofangreind atburðarás geti verið skýring þess að lífsýni hans hefði fundist í lakinu, a.m.k. að hluta til, en jafnframt sagt að ekki hefði verið ólíklegt að eitthvað af sæðisdropunum hefði hafnað á rúminu. Smitáhrif einstakra bletta hefðu hins vegar getað leitt til dreifingar sæðis hans í lakinu, þ. á. m. frá höndum hans þegar hann hefði sest á rúmendann eða vegna athafna annarra einstaklinga. Við meðferð málsins hefur ákærði borið að fróun vitnisins B hefði varað í um 30–90 sekúndur, en tekið fram að þar sé aðeins um áætlun hans að ræða, en að þeirri stundu liðinni hefði vitnið B skyndilega farið út úr herberginu.

Vitnið K hefur fyrir dómi borið á sama veg og ákærði um viðveru þeirra þriggja í herberginu, og þar um vísað til eigin ljósmyndar af bókarkápu, um að þessi samvera hefði gerst umrædda nótt, skömmu fyrir kl. 00:17.

Ákærði hefur andmælt þeim framburði sambýliskonunnar að vitnið B hafi auk þessarar samveru í herberginu farið með henni inn á baðherbergið, a.m.k. hefði það þá verið í mjög skamman tíma. Jafnframt hefur ákærði andmælt framburði sambýliskonunnar um að baðherbergishurðin hefði lítillega verið opin þegar atvik máls gerðust.

Við lögregluþyrheyrsluna hinn 2. maí sl. staðhæfði vitnið K að mjög ólíklegt hefði verið í hennar huga að ákærði og vitnið B hefðu við lýstar aðstæður haft kynferðislegt samneyti. Fyrir dómi breytti vitnið framburði sínum varðandi þetta síðast greinda atriði, en einnig um viðveru vitnisins B á baðherberginu, og enn fremur um að baðherbergishurðin hefði að einhverju leyti verið opin. Hefur vitnið m.a. vísað til þess að það hefði rifjað atburðarásina betur og frekar upp þegar frá leið.

Fyrir dómi hefur ákærði andmælt andstæðri frásögn B við alla meðferð málsins, hjá lögreglu og fyrir dómi, um að hún hefði ekki viðhaft hina kynferðislegu háttsemi með honum í herbergi nr. [...]. Í því sambandi hefur ákærði einkum vísað til mögulegra minnisglapa vitnisins vegna fyrrgreinds vímuástands þess umrædda nótt.

18. Það er mat dómsins að frásögn brotþola hafi í öllum aðalatriðum, og þá í ljósi lýstra aðstæðna, verið einlæg, varfærin og trúverðug. Hefur frásögn hennar um sumt verið nákvæmari en við skýrslugjöfina hjá lögreglu, þ. á m. varðandi útlitseinkenni. Þá eru áðurrakin rannsóknargögn lögreglu, þ. á m. niðurstaða rannsóknastofu vegna DNA-rannsóknar, en einnig önnur sérfræðigögn, frásögn brotþola í öllum aðalatriðum til stuðnings. Í því samhengi verður ekki horft fram hjá því að þegar brotþoli vaknaði mjög skyndilega hafði hún verið búin að sofa í um fimm klukkustundir og má ætla að skynjun hennar hafi eigi verið með besta móti, a.m.k. í fyrstu, þ. á m. varðandi liti, en fyrir liggur að rúmfötin í margnefndu herbergisrúmi voru hvít.

Að ofangreindu virtu er að mati dómsins ekki varhugavert að leggja frásögn brotþola til grundvallar um atvik máls í öllum aðalatriðum.

Að mati dómsins hefur ákærði enga haldbæra og trúverðuga skýringu gefið á hinum sýnilegu lífsýnum sem vísað hefur verið til í rannsóknargögnum lögreglu eða á rannsóknarniðurstöðunni. Hefur ákærði að mati dómsins verið ótrúverðugur í hinum breytta framburði sínum og að auki eru skýringar hans harla ósennilegar í ljósi sérfræðigagnanna. Þá er frásögn ákærða, en einnig sambýliskonu hans, m.a. um klæðaburð, í andstöðu við trúverðugan framburð vitnisins L. Loks er framburður ákærða í algjörri andstöðu við framburð vitnisins B. Að áliti dómsins hefur frásögn síðastnefnda vitnisins

nokkra stoð í frásögn vitnisins L og þá um að um kl. 01:00 umrædda nótt hafi vitnið, m.a. á barsvæðinu, og um tíma eftir það átt í samskiptum við náinn vin, sem komið hefði á hótelið eftir að jólahlaðborðinu lauk.

Það er álit dómsins þegar allt framangreint er virt í heild að ekki sé varhugavert að telja ákærða sannan að sök í máli þessu, að hann hafi viðhaft þá háttsemi sem lýst er í ákæru, en miða ber við þá verknaðarlýsingu sem þar er rakin, þ. á. m. um ástand brotaþola, og að ákærði hafi stungið fingri inn í leggöng brotaþola, ásamt því að sleikja kynfæri hennar, og að þessi hegðan hafi leitt til þess að hann hafði sáðlát í rúminu þar sem brotaþoli lá.

19. Samkvæmt 2. mgr. 194. gr. hegningarlaganna eru önnur kynferðismök lögð að jöfnu við samræði eða háttsemi sem hefur gildi sem slíkt.

Þegar hin kynferðislega háttsemi ákærða samkvæmt ákæru er virt í heild og þá í ljósi frásagnar brotaþola og rannsóknargagna, og til þess litið að um samfelldan verknað var að ræða, er það niðurstaða dómsins að ákærði hafi eins og hér stendur á gerst sekur um fullframið brot í skilningi nefndrar lagagreinar.

XIII.

1. Ákærði, sem er rétt 32 ára, hefur samkvæmt sakavottorði ekki verið dæmdur til refsingar, svo kunnugt sé.

Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart ungri konu. Brot ákærða er alvarlegt. Að mati dómsins sýndi hann einbeittan brotavilja, en með háttseminni braut hann á grófan hátt gegn kynfrelsi brotaþola. Við ákvörðun refsingar verður að þessu virtu m.a. litið til ákvæða 1., 2., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. hegningarlaganna. Ákærði á sér ekki málsbætur.

Þykir refsing ákærða að öllu ofangreindu virtu hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

2. Í málinu er höfð uppi einkaréttarkrafa, sem getið er í ákæru, en krafist er miskabóta að fjárhæð 4.000.000 króna. Krafan var reifuð og rökstudd við munnlegan málflutning af hálfu skipaðs réttargæslumanns brotaþola, en um lagarök er vísað til 26. gr. laga nr. 50/1993 með síðari breytingum, sbr. 172. gr. laga nr. 88/2008, auk tilgreindra ákvæða vaxtalaga eins og segir í ákæru. Krafan var fyrst birt ákærða við fyrirkall dómsins, hinn 22. ágúst sl.

Ákærði hefur í varakröfu andmælt miskabótakröfunni sem of hárrí og lagði þann ágreining í mat dómsins.

Ákærði hefur bakað sér bótaskyldu gagnvart brotþola, sbr. ákvæði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta verður litið til áðurrakinna sérfræðivottorða neyðarmóttöku, vottorðs sálfræðings og fleiri gagna, sem að álití dómsins styðja frásögn brotþola um að hún hafi orðið fyrir verulegri tilfinningaröskun og andlegum þjáningum vegna háttsemi ákærða. Þá verður litið til áðurrakinna sjónarmiða varðandi ákvörðun refsingar ákærða. Ákveðast miskabætur að þessu virtu til brotþola 2.200.000 krónur. Verður ákærði dæmdur til að greiða þá fjárhæð með vöxtum eins og þeir eru nánar greindir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta er ákveðinn samkvæmt reglu 9. gr. laga nr. 38/2001.

3. Ákærvaldið hefur í málinu gert kröfu um að ákærði verði m.a. dæmdur til greiðslu alls eigin útlagðs sakarkostnaðar sem samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og viðbótargögnum nemur 712.766 krónum. Að auki er um að ræða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða við nær alla meðferð málsins, hjá lögreglu og fyrir dómi, en einnig ferðakostnað hans, svo og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola við alla meðferð málsins og ferðakostnað, sbr. ákvæði 48. gr. og XXXVI. kafla laga nr. 88/2008. Verður við ákvörðun launanna m.a. litið til umfangs málsins og lýstra starfa lögmanna við meðferð þess, sbr. og sundurliðaðra skýrslna þar um til hliðsjónar. Launin eru ákvörðuð að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákærvalds flutti málið Karl Ingi Vilbergsson varahéraðssaksóknari. Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði A 2.200.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 16. desember 2023 til 22. september 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 5.250.197 krónur í sakarkostnað, en þar með er talinn kostnaður ákærvalds að fjárhæð 712.766 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gísla M. Auðbergssonar lögmans, 2.900.160 krónur, en einnig ferðakostnaður hans að fjárhæð

131.976 krónur og útlagður kostnaður hans að fjárhæð 16.450 krónur, svo og réttargæslulaun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmans, 1.386.320 krónur, en einnig ferðakostnaður hennar að fjárhæð 102.525 krónur.